

ÁRSSKÝRSLA 2019



Efnisyfirlit

- 3 Ávarp stjórnarformanns**
- 5 Starfsemi Brúar lífeyrissjóðs**
 - 5 Sjóðfélagar
 - 5 Þrjár samtryggingardeildir
 - 5 Rekstur annarra sjóða
 - 5 Umfang
- 6 Starfsemi ársins**
 - 6 Heimasíða sjóðsins
 - 6 Starfslokánámskeið og vinnustaðakynningar
 - 6 Samstarf við VIRK endurhæfingarsjóð
 - 7 Sjóðfélagalán
 - 7 Reglur og stefna sjóðsins
 - 9 Umhverfismál
 - 9 Ísland á gráum lista ríkja vegna peningabættis
 - 9 Áhrif Covid-19 á rekstur sjóðsins
- 10 Þróun á mörkuðum**
 - 10 Verðlagsþróun
 - 10 Innlendir skuldabréfamarkaður
 - 10 Innlendir hlutabréfamarkaður
 - 11 Erlend verðbréf og gengi gjaldmiðla
- 12 Stjórn og framkvæmdastjóri**
- 13 Starfsmenn sjóðsins**
- 14 A deild**
 - 15 Um deildina
 - 15 Réttindaávinnsla
 - 15 Tryggingafræðileg staða
 - 16 Tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs
 - 17 Iðgjöld
 - 18 Lífeyrir
- 19 V deild**
 - 20 Um deildina
 - 20 Réttindaávinnsla
 - 20 Tryggingafræðileg staða
 - 21 Iðgjöld
 - 22 Lífeyrir
- 23 Eignir A og V deilda**
 - 23 Ávöxtun ársins
 - 24 Kaup og sala ársins
 - 25 Sjóðfélagalán
 - 26 Verðbréfaeign í árslok
 - 27 Fjárfestingarstefna A og V deilda 2020
- 29 B deild**
 - 30 Um deildina
 - 30 Réttindaávinnsla
 - 30 Tryggingafræðileg staða
 - 31 Iðgjöld
 - 32 Lífeyrir
 - 33 Ávöxtun ársins
 - 33 Kaup og sala ársins
 - 34 Verðbréfaeign í árslok
 - 35 Fjárfestingarstefna B deildar 2020
- 37 Áhættustýring**
- 38 Stjórnarháttayfirlýsing 2019**
- 43 Ársreikningur 2019**

Ávarp stjórnarformanns



Árið 2019 var afar hagstætt hjá Brú lífeyrissjóði en raunávöxtun ársins í A og V deild var 7,5% og meðaltal raunávöxtunar sjóðsins fyrir síðustu 5 ár er 5,1% og meðtalið fyrir tíu ár er 4,3% sem er yfir því viðmiði sem lífeyrissjóðir nota við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu. Raunávöxtun B deildar var 7,6% en 5 ára meðaltal raunávöxtunar er 4,3% en B deildin var stofnuð um mitt árið 2013.

Markaðir á árinu 2019 voru gjöfulir en innlend og erlend hlutabréf hækkðu í verði og þróun skuldabréfamarkaða var hagstæð sem og gengisþróunin.

Íslenskir lífeyrissjóðir standa frammi fyrir krefjandi aðstæðum. Á síðustu misserum hafa vextir farið lækkandi hérlendis og erlendis og ólíklegt að sú þróun eigi eftir að breytast á næstunni. Áður gáfu skuldabréf háa raunvexti en þannig er staðan alls ekki nú. Þetta lágvaxtaumhverfi kallar á skoðun viðmiða sem notuð eru til að meta skuldbindingar lífeyrissjóðanna sem nú er 3,5% raunávöxtun. Þá hefur hækkandi lífaldur töluverð áhrif á skuldbindingar sjóðanna en hingað til hafa skuldbindingar verið reiknaðar út frá lífslíkum byggðum á reynslu fortíðar en ekki spá til framtíðar. Á árinu 2015 kynnti Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga nýjar forsendur við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sem tóku mið af framtíðarspám en þær hafa ekki enn verið teknar í notkun. Útreikningar byggðar á þeim forsendum sýndu neikvæð áhrif á stöðu sjóðanna. Við verðum að vera vakandi yfir þeim þáttum sem hafa áhrif á skuldbindingar sjóðsins því það er ekki gott að lofa einhverju sem ekki er hægt að standa við. Mikilvægt er að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins komi sér saman um hvernig lífeyriskerfið á að vera og hvernig það tekur á hækkandi lífaldri og lægri ávöxtun, en ljóst er að ekki er hægt að biða mikið lengur með þá vinnu.

Á árinu voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi um breytingu á lögum um lífeyrissjóði sem hefðu gjörbreytt lífeyriskerfi landsins. Við slíkar grundvallarbreytingar eins og kynntar voru í frumvarpinu er afar mikilvægt að stjórnvöld vandi betur til verka og í samvinnu við hagaðila. Brú lífeyrissjóður hefur því miður fengið flókin verkefni af hálfu löggjafans fyrirvaraliði eins og breytingin á A deild sjóðsins en einnig má nefna breytingu á lögum um almannatryggingar er varðar hálfan lífeyri.

Umsvif lánadeildar hafa aukist stöðugt á undanförunum árum með aukinni eftirspurn eftir sjóðfélagalánnum. Sjóðurinn hefur ekki þengt lánareglur líkt og aðrir lífeyrissjóðir en sjóðurinn telur að lánin séu góður fjárfestingarkostur. Einnig er ánægjulegt að sjá hvað sjóðurinn hefur gert mörgu ungu fólki mögulegt að kaupa sína fyrstu fasteign. Greinilegt er að sjóðfélagar fylgjast vel með lánakjörum á markaðnum og hika ekki við að endurfjármagna eldri og óhagstæðari lán ef svo ber undir. Upplýsingasiðurnar herborg.is og aurbjorg.is koma þar sterkt inn og auðveldar neytendum að bera saman lánakosti. Með góðu framboði af lánakostum nálgast sjóðurinn sjóðfélaga sína mun fyrir en ella á æviskeiðinu sem hefur jákvæð áhrif á viðhorf þeirra til sjóðsins.

Ávarp stjórnarformanns

Þrátt fyrir að ársskýrslan sé yfirferð á starfsemi ársins 2019 er óhjákvæmilegt að nefna áhrif Covid-19 veirunnar á árinu 2020. Ekki er útséð hver áhrif veirunnar á hagkerfi heimsins verða til framtíðar en þegar liggur fyrir að allir markaðir hafa orðið fyrir höggi sem óhjákvæmilega hefur áhrif á sjóðinn og eignasafn hans. Bein áhrif eru að virði innlendra og erlendra hlutabréfa hafa lækkað en veiking íslensku krónunnar hefur vegið upp lækkunina að einhverju marki. Búast má við talsverðum verðsveiflum á fjármálamörkuðum næstu misserin. Vanskil sjóðfélagalána, sem hafa verið mjög lítil, munu vafalítið aukast tímabundið en sjóðurinn hefur kynnt úrræði til þess að hjálpa lántakendum til að komast yfir tímabundna erfiðleika. Þá munu félög lenda í erfiðleikum með að standa í skilum með sínar afborganir en sjóðurinn er aðili að samkomulagi á fjármálamarkaði um úrlausn slíkra mála. Jafnframt hafa stjórnvöld kynnt ýmis úrræði sem munu gagnast mörgum. Sjóðurinn hefur úr nægum fjármunum að spila til að standa undir mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum sem og öðrum útgjöldum. Sjóðurinn mun því að öðru óbreyttu geta staðið við skuldbindingar sínar meðan þetta ástand varir. Starfsemi sjóðsins tekur mið af þeim ráðleggingum og reglum sem stjórnvöld ákveða sem hefur áhrif á afgreiðslu mála og þjónustustig meðan þetta ástand varir.

Sem fyrr hefur mikið áunnist á árinu sem lúta bæði að þjónustu sjóðsins og innri starfsemi hans. Stjórn sjóðsins ákvað að styðja við áhættustýringu sjóðsins með því að stofna áhættunefnd sem er undirnefnd stjórnar. Hlutverk hennar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn við mótun áhættu- og áhættustýringastefnu, leggja mat á fyrirkomulag áhættustýringar og virkni hennar, yfirfara áhættuskýrslur og eigið áhættumat. Áfram var lögð áhersla á þróun og innleiðingu stafrænna lausna í starfsemi sjóðsins sem hefur gert góða þjónustu við sjóðfélaga enn betri og aukið hagkvæmni í rekstri.

Sjóðurinn hefur á að skipa afar hæfu og frjósömu starfsfólki sem hefur eignast sex nýja þegna á árinu. Þá býr starfsfólkið yfir góðri reynslu og þekkingu sem gagnast vel þegar sinna þarf krefjandi og flóknum verkefnum. Ég fyrir hönd stjórnar þakka starfsfólki sjóðsins fyrir afar gott samstarf og vel unnin störf.

Þá ber að þakka gott samstarf við aðra stjórnar- og nefndarmenn en á árinu 2019 voru haldnir 20 stjórnarfundir og námsdagur stjórnar um fjárfestingar og siðferðisleg viðmið.

Benedikt Þór Valsson

Formaður stjórnar

Starfsemi Brúar lífeyrissjóðs

Brú lífeyrissjóður starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda.

Sjóðfélagar

Aðild að lífeyrissjóðnum eiga þeir starfsmenn sveitarfélaga sem hafa kjara-samningsbundna aðild að BSRB, BHM og KÍ. Einungis starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra geta verið sjóðfélagar í A deild en V deildin er öllum opin.

Með aðild að Brú lífeyrissjóði ávinna sjóðfélagar sér rétt til ævilangs lífeyris við starfslok. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris, byggt á örorkumati. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og börn hans rétt á barnlífeyri við orkutap eða fráfall sjóðfélaga.

Þrjár samtryggingardeildir

Brú lífeyrissjóður starfrækir þrjár samtryggingardeildir, A deild, V deild og B deild. Að meðaltali greiddu 18.548 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins á árinu 2019 og 7.862 einstaklingar fengu greiddan lífeyri.

Rekstur annarra sjóða

Sjóðurinn annast einnig rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Umfang

Starfsemi Brúar lífeyrissjóðs nær til alls 121.317 sjóðfélaga sem eiga réttindi í þeim tíu réttindasöfnum sem sjóðurinn rekur, það eru A deild, V deild, sjö réttindasöfn í B deild og Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar. Heildareignir réttinda-safnanna sem eru í stýringu hjá Brú lífeyrissjóði nema alls 331,9 ma.kr.


Hjá Brú lífeyrissjóði
eru rekin
10 réttindasöfn



Gætir réttinda
alls 121.317
sjóðfélaga



Stýrir 331.977 m.kr.



Starfsemi ársins

Heimasíða sjóðsins

Á heimasíðu sjóðsins er að finna upplýsingar um réttindamál, lánamál og aðrar upplýsingar um sjóðinn. Á árinu var áfram unnið að rafrænni þjónustu bæði hvað varðar lífeyrismál og lánamál. Á mínum síðum eru nú birtir lífeyrisúrskurðir og upplýsingar um lán sjóðfélaga, greiðslusögu og stöðu. Þá geta umsækjendur fylgst með stöðu sinna umsókna.

Heimasíðan var uppfærð á árinu sem og lánareiknivélin sem gerir lántakendum kleift að bera saman lánamöguleika sem eru í boði hjá sjóðnum, greiðslubyrði þeirra og kostnað. Þá var sett upp ný virkni á síðuna sem er bráðabirgðagreiðslumat en það auðveldar lántakendum að gera sér grein fyrir greiðslugetu af húsnæðis-lánnum.

Starfslokanámskeið og vinnustaðakynningar

Á árinu 2019 hélt sjóðurinn 4 námskeið um starfslok fyrir sjóðfélaga sína. Á námskeiðunum er farið yfir hvar helstu upplýsingar um réttindi sjóðfélaga er að finna, ásamt því að svara spurningum um lífeyrismál. Námskeiðin eru kynnt á heimasíðu sjóðsins og hafa verið haldin reglulega yfir vetrartímam. Þá hafa stéttarfélag og sveitarfélag fengið fulltrúa sjóðsins til að halda fræðsluerindi um lífeyrisréttindi fyrir félagsmenn sína og starfsmenn.

Samstarf við VIRK endurhæfingarsjóð

Örorkubyrði sjóðsins hefur aukist á undanförunum árum og því skiptir máli að draga úr líkum að sjóðfélagar verði óvinnufærir til lengri tíma og aðstoða þá við að komast sem fyrst aftur út á vinnumarkaðinn. VIRK starfsendurhæfingarsjóður var stofnaður af aðilum vinnumarkaðarins á árinu 2009 en hlutverk hans er að draga úr líkum á að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni og



Starfsemi ársins

eflingu endurhæfingar. Lífeyrissjóðum er með lögum gert að greiða framlag til VIRK og er það núna 0,10% af iðgjaldastofni.

Nær allar umsóknir um örorkulífeyrir eru yfirfarnar af sérfræðingateymi hjá VIRK, sem metur raunhæfi á starfsendurhæfingu fyrir viðkomandi. „Atvinnutenging – endurkoma til vinnu“ er þróunarverkefni hjá VIRK sem gengur út á að aðstoða einstaklinga með skerta starfsgetu með það markmið að koma þeim aftur inn á vinnumarkaðinn.

Sjóðfélagalán

Sjóðurinn veitir lán til sjóðfélaga sjóðsins og Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar. Boðið er upp á fjölbreytt úrval lána. Í boði eru verðtryggð lán með föstum eða breytilegum vöxtum og óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum. Almennt láns hlutfall lána er 75% af fasteignamati eða kaupverði en einnig er í boði að taka viðbótarlán við kaup fasteigna sem nemur 10% eða þá 85% af kaupverði en það lán er óverðtryggt með breytilegum vöxtum til 15 ára.

Lán til sjóðfélaga falla undir lög um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016 en markmið þeirra er að stuðla að ábyrgum lánveitingum, sporna við óhóflegri skuldsetningu neytenda og tryggja neytendavernd, en með lögnum var gerð krafa um meiri upplýsingagjöf til lántakenda sem og auknar kröfur um mat á greiðslugetu og láshæfi þeirra.

Mikil aukning hefur verið í lánnum til sjóðfélaga bæði hvað varðar fjárhæðir og fjölda síðastliðin þrjú ár. Sjá nánari umfjöllun á bls. 25.

Reglur og stefnur sjóðsins

Starfsreglur áhættunefndar

Á árinu var ákveðið að styrkja áhættustýringu sjóðsins með því að stofna áhættunefnd sem hefur það hlutverk að veita stjórn ráðgjöf varðandi áhættu- og áhættustýringastefnu. Nefndin er undirnefnd stjórnar og ber stjórn ábyrgð á störfum nefndarinnar.

Starfsreglur endurskoðunarnefndar

Hlutverk nefndarinnar er að aðstoða stjórn sjóðsins að uppfylla eftirlitsskyldur sínar í tengslum við birtingu reikningsskila, innra eftirlit, áhættustýringu og endurskoðunarferlið. Nefndin er undirnefnd stjórnar og ber stjórn ábyrgð á störfum nefndarinnar.

Reglur um hæfi lykilstarfsmanna

Markmið reglanna er að viðhalda trausti sjóðfélaga og annarra hagaðila, efla trúverðugleika sjóðsins og draga úr rekstrar- og orðsporsáhættu í rekstri sjóðsins vegna starfa lykilstarfsmanna.

Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti

Markmið reglanna er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi sjóðsins og draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála. Reglunum er ætlað að tryggja vandaða starfshætti sem stuðla að trúverðugleika sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.

Starfsemi ársins

Samskipta og siðareglur

Markmið reglnanna er að stuðla að góðum starfsháttum hjá sjóðnum og góðum innri og ytri samskiptum. Í störfum sínum eiga bæði stjórnarmenn og starfsfólk að tileinka sér að vera upplýsandi, skynsöm og hlýleg.

Starfsreglur stjórnar

Markmið reglnanna er að stjórn sjóðsins vinni í samræmi við stjórnarhætti og í reglunum er útfært hlutverk og verkefni stjórnar sjóðsins ásamt verkefnum stjórnarformanns, undirnefnda og framkvæmdastjóra.

Áhættustefna

Í áhættustefnu sjóðsins kemur fram hvernig sjóðurinn greinir og meðhöndlar áhættu í starfsemi sinni með reglubundnu áhættumati og markvissu eftirliti.

Persónuverndarstefna

Í persónuverndarstefnu sjóðsins eru veittar upplýsingar um það hvernig lífeyris-sjóðurinn vinnur með persónuupplýsingar og hver réttur sjóðfélaga er í því sambandi.

Mannauðsstefna

Markmið sjóðsins er að vera eftirsóknarverður vinnustaður og hafi á að skipa hæfu, áhugasömu og metnaðarfullu starfsfólki sem sýnir frumkvæði og vilja til að taka virkan þátt í að skapa jákvætt og drífandi starfsumhverfi.

Starfskjarastefna

Í starfskjarastefnu hafa reglur um starfskjör stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og starfsmanna sjóðsins verið formfestar.

Útvistunarstefna

Stefnan er sett með hliðsjón að leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum. Tilgangur hennar er að tryggja samræmt verklag um útvistun verkefna og efla eftirlit með þeim.

Reglur um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Sjóðurinn hefur sett sér reglur á grundvelli laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Með reglunum leitast sjóðurinn við að koma í veg fyrir að rekstur og starfsemi sjóðsins verði notaður til að þvætta fjármuni eða til fjármögnunar hryðjuverka.

Framangreindar reglur og stefnur má sjá í heild sinni á heimasíðu sjóðsins:

www.lifbru.is

Starfsemi ársins

Umhverfismál

Í daglegum rekstri sjóðsins er lögð áhersla á umhverfismál. Til að auðvelda endurvinnslu er sorp flokkað. Mikill árangur hefur náðst á undanförunum árum við að draga úr notkun pappírs með rafrænum umsóknum og skjölun gagna. Við innkaup er leitast við að velja umhverfisvænar vörur og reynt að draga úr einnota umbúðum. Þá var sett upp rafhleðslustöð fyrir tvo bíla á lóð sjóðsins á árinu.

Ísland á gráum lista ríkja vegna peningabvættis

Á haustdögum fór Ísland á gráan lista samtakanna Financial Action Task Force (FATF) yfir ríki sem hafa ekki nægar varnir gegn peningabvætti. Vera Íslands á listanum torveldar sjóðnum að stofna til nýrra viðskipta hjá erlendum fjármála-stofnunum og auk þess hefur sjóðurinn þurft að afla ýmissa gagna fyrir þá aðila sem sjóðurinn hefur verið í viðskiptum við í áraraðir. Nú eru gerðar meiri kröfur og lög uppfærð um varnir gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka sem jök skyldur sjóðsins til frekari eftirlits með peningabvætti.

Áhrif Covid-19 á rekstur sjóðsins

Ekki er útséð hver áhrif veirunnar Covid-19 verða á hagkerfi heimsins til framtíðar en þegar liggur fyrir að allir markaðir hafa orðið fyrir höggi sem óhjákvæmilega hefur áhrif á sjóðinn og eignasafn hans. Bein áhrif eru að virði innlendra og erlendra hlutabréfa hefur lækkað en veiking íslensku krónunnar hefur vegið upp lækkunina að einhverju marki. Búast má við talsverðum verðsveiflum á fjármálamörkuðum næstu misserin. Vanskil sjóðfélagalána, sem hafa verið mjög lítil, munu vafalítið aukast tímabundið en sjóðurinn hefur kynnt úrræði til þess að hjálpa lántakendum til að komast yfir tímabundna erfiðleika. Þá munu félög lenda í erfiðleikum með að standa í skilum með sínar afborganir en sjóðurinn er aðili að samkomulagi á fjármálamarkaði um úrlausn slíkra mála. Jafnframt hafa stjórnvöld kynnt ýmis úrræði sem munu gagnast mörgum. Sjóðurinn hefur úr nægum fjármunum að spila til að standa undir mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum sem og öðrum útgjöldum. Sjóðurinn mun því að öðru óbreyttu geta staðið við skuldbindingar sínar meðan þetta ástand varir. Starfsemi sjóðsins tekur mið af þeim ráðleggingum og reglum sem stjórnvöld ákveða sem hefur áhrif á afgreiðslu mála og þjónustustig meðan þetta ástand varir.



Próun á mörkuðum

Verðlagspróun

Verðbólga hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár og verið undir verðbólguþröngu Seðlabanka Íslands sem skilgreinir stöðugt verðlag sem 2,5% á tólf mánuðum. Á fyrri hluta ársins 2019 jókst verðbólgan nokkuð, meðal annars vegna falls flugfélagsins WOW Air og loðnubrests. Á vordögum voru undirritaðir lífskjarasamningar sem voru á hóflegum nótum og höfðu þau áhrif að verðbólgan lækkaði. Lækkun gengis krónunnar auðveldaði aðlögun hagkerfisins án þess að leiða til verðbólgu en í lok ársins var verðbólgan aðeins 2,0%. Lægri verðbólguvæntingar og verðbólga höfðu þau áhrif að Seðlabankinn lækkaði stýrivexti bankans um 1,5 prósentustig á árinu úr 4,5% í 3,0%.

Innlendur skuldabréfamarkaður

Árið 2019 var gott á innlendum skuldabréfamarkaði og hækkuðu allar skuldabréfavitölur Kauphallarinnar á árinu. Aðalvísitala skuldabréfa (NOMXIBB) hækkaði um 9,5%, óverðtryggða skuldabréfavitatala Kauphallarinnar (NOMXINOM) hækkaði um 14,8% og sú verðtryggða (NOMXIREAL) hækkaði um 6,8%. Í árslok voru fjögur sjálfbær skuldabréf á skrá hjá Kauphöllinni, þrjú græn á vegum Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur og eitt félagslegt skuldabréf Félagsbústaða.

Ávöxtun á innlendum skuldabréfamarkaði var góð, einkum vegna lækkunar á ávöxtunarkröfu langra skuldabréfa. Innlendir skuldabréfamarkaður hefur því skilað góðum gengishagnaði sem bættist við ávöxtun skuldabréfanna. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa lækkaði einna mest en verðtryggð ríkisskuldabréf lækkuðu minna. Mismunur á lækkun óverðtryggðra og verðtryggðra ríkisskuldabréfa endurspeglar verðbólguvæntingar markaðsaðila.

Innlendur hlutabréfamarkaður

Ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu 2019 var einstaklega góð og hækkaði úrvalsvísitalan (OMX110) um rúmt 31% og heildarvísitala hlutabréfa (OMXIGI) um 24,5% en til samanburðar þá lækkaði heildarvísitala hlutabréfa um 2,8% á árinu 2018. Hækkun á árinu 2019 má að mestu rekja til mikillar hækkunar á hlutabréfaverði Marel í aðdraganda skráningar félagsins í Hollensku kauphöllina, Euronext, en Marel er langsamlega stærsta félagið í Nasdaq Iceland kauphöllinni.

Helstu breytingar í tengslum við skráningar innlendra félaga á árinu 2019 voru þær að Marel er nú skráð á tvo markaði (Nasdaq Iceland og Euronext), Iceland Seafood og Kvika banki færðu sig bæði af First North markaðnum yfir á Aðalmarkaðinn og fasteignabróunarfélagið Kaldalón var skráð á First North markaðinn. Í lok árs 2019 voru alls 24 félög skráð á markað, 20 á Aðalmarkað og fjögur á Nasdaq First North.


Á Aðalmarkaði hækkaði verð bréfa Marel mest eða um 66% á árinu og þar á eftir hækkaði verð bréfa Símans um 43% en verð bréfa Icelandair Group lækkaði mest eða um 21%. Á Nasdaq First North markaðnum hækkaði verð bréfa Hampiðjunnar mest eða um 23%.

Erlend verðbréf og gengi gjaldmiðla

Ávöxtun erlendra hlutabréfa á helstu verðbréfamörkuðum var góð á árinu 2019 þrátt fyrir efnahagsóvissu, viðskiptastríð, óvissu með niðurstöðu Brexit og lækkandi framleiðsluvísitölur. Breytingar á erlendum hlutabréfavísitölum gefa góða mynd af þróun hlutabréfaverðs í heiminum. Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI), sem mælir gengi rúmlega 1.600 hlutabréfa í heiminum, hækkaði um 25,2% mælt í Bandaríkjadöllum og er það mesta árhækkun síðastliðin tíu ár. Mesta hækkunin var á hlutabréfum í Bandaríkjunum og hækkaði S&P 500 vísitalan um 28,9% mælt í Bandaríkjadöllum á meðan hlutabréf í Evrópu (MSCI Europe) hækkuðu um 20% mælt í Bandaríkjadöllum. Hlutabréf nýmarkaðsríkja sem vísitalan MSCI Emerging Markets mælir hækkuðu um 18,4% í Bandaríkjadöllum.

Veiking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á árinu 2019 hækkar ávöxtun í krónum. Gengisvísitala krónunnar hækkaði um 3,2% á árinu sem þýðir gengislækkun gagnvart helstu viðskiptamyntum. Krónan veiktist um rúmlega 4% gagnvart Bandaríkjadóllar og 2% gagnvart evru.

Vextir voru sögulegu lágmarki í flestum löndum á evrusvæðinu. Bandaríski Seðlabankinn skipti um vaxtagir á árinu og byrjaði að lækka vexti í fyrsta skipti í áratug. Lágt vaxtastig hefur endurspeglast í lágrí ávöxtun á flestum skuldabréfamörkuðum erlendis sem hefur þar af leiðandi stutt við hlutabréfamarkaði.



Stjórn og framkvæmdastjóri

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs er skipuð sex stjórnarmönnum og jafnmörgum vara-
mönnum. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar þrjá stjórnarmenn, BSRB skipar
tvo og Bandalag háskólamanna skipar einn. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur
ár og kýs stjórnin formann úr sínum hópi til tveggja ára í senn. Núverandi stjórn tók
til starfa í lok árs 2018. Hana skipa Benedikt Valsson, Garðar Hilmarsson, Auður
Kjartansdóttir, Halldóra Káradóttir, Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Þorkell Heiðarsson.



*Benedikt Þór Valsson,
formaður stjórnar*



*Garðar Hilmarsson,
varaformaður stjórnar*



*Gerður Guðjónsdóttir,
framkvæmdastjóri*



*Auður Kjartansdóttir,
stjórnarmaður*



*Halldóra Káradóttir,
stjórnarmaður*



*Sonja Ýr Þorbergsdóttir,
stjórnarmaður*



*Þorkell Heiðarsson,
stjórnarmaður*

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd
stjórnar og er skipuð þremur
nefndarmönnum. Hlutverk hennar
er að hafa eftirlit með virkni innra
eftirlits og áhættustýringu, eftirlit
með vinnuferli við gerð reikningskila
og við endurskoðun ársreiknings, meta
óhæði endurskoðenda og störf þeirra
og leggja fram tillögur til stjórnar um
val á endurskoðendum.

*Karl Björnsson, formaður
Birgir Björn Sigurjónsson
Garðar Hilmarsson*

Áhættunefnd

Áhættunefnd er undirnefnd
stjórnar sjóðsins og skipuð tveimur
nefndarmönnum. Hlutverk hennar
er að vera ráðgefandi fyrir stjórn
við mótun áhættu- og áhættustýringa-
stefnu, leggja mat á fyrirkomulag
áhættustýringar og virkni hennar,
yfifara áhættuskýrslur og eigið
áhættumat.

*Birgir Björn Sigurjónsson, formaður
Halldóra Káradóttir*

Starfsmenn sjóðsins

Hjá Brú lífeyrissjóði starfa 29 starfsmenn en þar af eru 4 í leyfi. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2019 var 25,5 en 25,7 á árinu 2018. Á árinu 2019 voru ráðnir sex nýir starfsmenn, Alexander Lapas og Elmar Árnason í eignastýringu, Elín Engilbertsdóttir, Heiða Björg Friðjónsdóttir og Hrund Snorradóttir á réttindasvið og Elín Helga Jónsdóttir sem sérfræðingur. Sjö starfsmenn hættu á árinu, Alexandra Ýr Sigurðardóttir í lánamálum, Eymundur Freyr Þórarinnsson í eignastýringu, Fanny Ósk Mellbin persónuverndarfulltrúi, María Garðarsdóttir og Helga Björg Gísladóttir lífeyrisfulltrúar, Andri Freyr Þórðarson á fjármálasviði og Ásta Kristjánsdóttir móttökuritari og er þeim þökkun vel unnin störf í þágu sjóðsins.



Alexander Lapas



Angeli Schalk

Auður Hanna
GuðmundsdóttirÁsdís Karen
Friðjónsdóttir

Bárður Þór Sveinsson



Birna Bjarnþórsdóttir



Bryndís Reynisdóttir



Elín Engilbertsdóttir



Elín Helga Jónsdóttir



Elín Huld Árnadóttir



Elmar Árnason

Eva Dögg
Guðmundsdóttir

Erna Björk Jónsdóttir



Guðbjörg Rúnarsdóttir



Guðný Jónsdóttir

Heiða Björg
Friðjónsdóttir

Hrund Snorradóttir



Ingi Kristinn Pálsson



Margrét Jónsdóttir

Pálína Margrét
HafsteinsdóttirRagnheiður Helga
Haraldsdóttir

Röbert Styrmir Helgason



Sigrún Sigurðardóttir

Stefanía Anna
ÞórðardóttirSvandís Rún
Ríkarðsdóttir

Þóra Jónsdóttir



Þórir Guðjónsson



Þórunn Alfreðsdóttir



A deild - lykiltölur




Löggjöld sjóðfélaga	10.842 m.kr.
Sérstök aukaframlög launagreiðenda	230 m.kr.
Lífeyrir	3.500 m.kr.



Hreinar fjárfestingatekjur	18.494 m.kr.
Rekstrarkostnaður	354 m.kr.
Hrein eign til greiðslu lífeyris	197.196 m.kr.
Skuldbindingar umfram eignir	14.071 m.kr.
Raunávöxtun ársins	7,5% %



Fjöldi virkra sjóðfélaga að meðaltali	13.772
Fjöldi lífeyrisþega að meðaltali	4.846





Um deildina

Starfsmenn sem eru félagsmenn í BSRB, Bandalagi háskólamanna (BHM) og Kennarasambandi Íslands (KÍ) og byrjuðu að vinna hjá sveitarfélagi eftir 1. júlí 1998 eiga kjarasamningsbundna aðild að A deild. Einnig eiga þeir starfsmenn aðild sem áttu réttindi í eldri sveitarfélagssjóðum en völdu á sínum tíma að skipta yfir í A deild þegar sjóðurinn var stofnaður.

Réttindaávinnsla

Með greiðslu iðgjalda afla sjóðfélagar sér réttinda til eftirlauna, makalífeyris, barnalífeyris og örorkulífeyris.

Þann 1. júní 2017 var réttindaöflun A deildar breytt úr 1,9% jafnri ávinnslu, þar sem ávinnsla réttinda er jöfn yfir starfsævina og óháð aldri, í aldurstengda ávinnslu réttinda sem þýðir að sjóðfélagar njóta ávinnings eftir því hversu lengi iðgjöld þeirra ávaxtast.

Breytingarnar höfðu mismunandi áhrif á sjóðfélaga, eftir því hvort þeir voru í sjóðnum fyrir breytingarnar, byrjuðu í sjóðnum eftir breytingar eða voru orðnir sextíu ára fyrir breytingarnar. Fjórði hópurinn er svo sjóðfélagar sem eiga geymd réttindi hjá sjóðnum, þ.e. hafa skipt um starf og farið að borga í annan lífeyrissjóð.

Réttindi A deildar Brúar lífeyrissjóðs eru mismunandi eftir því hvenær sjóðfélagi byrjaði í deildinni.

Tryggingafræðileg staða

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir sjóðsins á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum réttindum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Miðað er við að ávöxtun eigna sjóðsins verði árlega 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 er tryggingafræðileg athugun gerð árlega af tryggingastærðfræðingi. Athuginin var unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi, samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við fyrrgreind lög og ákvæði reglugerðar nr. 391/1998.

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga lauk á árinu 2018 við gerð nýs reiknigrundvallar fyrir mat lífeyrisskuldbindinga. Athugun á reynslu sjóðanna var unnin í samvinnu við Landssamtök lífeyrissjóða á grundvelli gagna frá öllum íslenskum lífeyrissjóðum. Fyrri reiknigrundvöllur sem var frá árinu 2002 byggði eingöngu á gögnum frá hluta lífeyrissjóða landsins.

Þetta er annað árið sem Brú lífeyrissjóður byggir á nýja reiknigrundvellingum við mat lífeyrisskuldbindinga en samkvæmt honum eru lífslíkur metnar eftir reynslu þeirra sem réttindi eiga í lífeyrissjóðum en áður var miðað við lífslíkur allra Íslendinga, óháð því hvort þeir áttu réttindi í lífeyrissjóðum eða ekki. Í nýja reiknigrundvellingum er einnig tekið tillit til þess að lífslíkur öryrkja eru ekki þær sömu og annarra sjóðfélaga. Nýju forsendurnar sýna skuldbindingar sjóðsins af meiri nákvæmni en áður en útreikningurinn er aðlagður að sjóðfélagahópi Brúar lífeyrissjóðs og að reynslu sjóðsins í nýgengi örorku.




Tryggingafræðileg
staða batnaði á árinu
úr -4,9% í -4,1%

Í tryggingafræðilegu úttektinni er metið hvort jafnvægi sé á heildareignum og heildarskuldbindingum lífeyrissjóðsins. Þannig er annars vegar lagt mat á hreina eign sjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt reiknuðu núvirði framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga og hins vegar núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda. Ef mismunur, á þannig reiknuðum heildareignum og heildarskuldbindingum, er meiri en 10% er hlutaðeigandi sjóð skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur hefur haldist meiri en 5% samfelt í fimm ár.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar sýnir að áfallin skuldbinding A deildar í árslok 2019 var 158,3 ma.kr. og hækkaði um 16,9 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg eign A deildar í árslok 2019 nam 183,0 ma.kr. og hækkaði um 20,9 ma.kr. á milli ára. Eignir í árslok 2019 voru 24,7 ma.kr. hærri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding neikvæð um 14,1 ma.kr. eða um 4,1% af heildarskuldbindingunni. Réttindi sjóðfélaga í A deild eru ekki tryggð og geta sjóðfélagar þurft að sæta skerðingu réttinda ef eignir eru ekki nægar á móti skuldbindingum deildarinnar

A deild – Eignir (skuldir) umfram heildarskuldbindingar



Tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs

Við breytingu á A deild var innheimt framlag í lífeyrisaukasjóð frá launagreiðendum en lífeyrisaukasjóð er ætlað að standa undir jafnri ávinnslu réttinda. Sjóðurinn er hluti af hreinni eign A deildar og ávaxtast með sama hætti og aðrar eignir deildarinnar. Til grundvallar færslum úr lífeyrisaukasjóði er árlega reiknuð breyting á skuldbindingu miðað við jöfn réttindi annars vegar og breytingu á skuldbindingu miðað við aldursháð réttindi hins vegar. Mismunurinn þar á milli er framlag ársins. Á árinu 2018 hækkuðu þær færslur verulega vegna breytinga á töflum um lífslíkur og örorku.

Breytingar á reiknigrundvelli fyrir tryggingafræðilega úttekt hafa einnig neikvæði áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrisaukasjóðsins. Í upphafi þegar lífeyrisaukasjóðurinn var reiknaður var hvorki gert ráð fyrir breytingum á töflum um lífslíkur eða örorku né launahækkunum í framtíðinni. Stjórnendur og tryggingastærðfræðingur sjóðsins bentu á þessa vankanta í reikniverki lífeyrisaukasjóðsins í aðdraganda lagabreytinganna.

Halli lífeyrisaukasjóðs minnkar lítillega á árinu 2019 en hann var 8,1 ma.kr. eða 23,9% en á árinu 2018 var hallinn tæpir 8,3 ma.kr. eða 24,4%.





13.772 virkir
sjóðfélagar
í A deild

Iðgjöld

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, sem er sá fjöldi sem greiðir iðgjöld að meðaltali í hverjum mánuði, var 13.772 á árinu 2019 samanborið við 12.892 á árinu 2018.

Á árinu 2019 námu iðgjaldgreiðslur til A deildar samtals 11.072,4 m.kr. samanborið við 9.885,4 m.kr. á árinu 2018

Iðgjald er nú samtals 15,5% en laungreiðandi greiðir 11,5% og sjóðfélagi greiðir 4%.





4.846
lífeyrisþegar
í A deild

Lífeyrir

Með greiðslu iðgjalda afla sjóðfélagar sér réttinda til eftirlauna, makalífeyris, barnalífeyris og örorkulífeyris.

Sjóðfélögum í A deild er heimilt að hefja töku eftirlauna milli 60–80 ára aldurs en eftirlaunaréttindi þeirra eru mismunandi eftir því hvort þeir greiddu iðgjöld til sjóðsins fyrir 1. júní 2017 eða eftir þann tíma. Viðmiðunaráldur lífeyristöku er 65 ár hjá sjóðfélögum sem greiddu iðgjöld í A deildina fyrir breytingarnar en 67 ár hjá þeim sem byrjuðu að greiða í deildina eftir breytingarnar 1. júní 2017.

Hefji sjóðfélagi tóku lífeyris fyrir tilgreindan viðmiðunaráldur, lækkar áætlaður lífeyrir en hefji hann töku lífeyris síðar, hækkar áætlaður lífeyrir.

Heimilt er að hefja töku lífeyris samhliða vinnu og greiðast þá iðgjöld áfram í lífeyrissjóð.


Makalífeyrir er 50% af lífeyrisréttindum látins sjóðfélaga og er greiddur til þriggja ára en þá lækkar hann um helming og er greiddur þannig í tvö ár. Makalífeyrir helst þó óskertur (50% af lífeyrisréttindum sjóðfélaga) þar til yngsta barn nær 22 ára aldri eða ef maki er meira en 50% öryrki og yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélaga.

Barnalífeyrir er greiddur þar til barn verður 22 ára.

Örorkulífeyrir miðast að lágmarki við 40% örorkumat og raunverulega tekju-skerðingu og er lífeyrir framreiknaður til 65 ára aldurs, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, þrátt fyrir hækkun viðmiðunaráldurs lífeyristöku í 67 ár.

Heildarjánhæð lífeyrisgreiðslna A deildarinnar á árinu 2019 nam 3.425,2 m.kr. og skiptist heildarjánhæðin þannig að 67,0% var ellilífeyrir eða samtals 2.295,2 m.kr., 28,7% örorkulífeyrir eða samtals 982,0 m.kr., 2,2% makalífeyrir eða samtals 75,7 m.kr. og 2,1% barnalífeyrir eða samtals 72,3 m.kr.

Meðalfjöldi lífeyrisþega í A deild á árinu 2019 var 4.846 samanborið við 4.306 á árinu 2018 sem er aukning um 12,5%.





V deild - lykiltölur



Iðgjöld sjóðfélaga	3.175 m.kr.
Sérstök aukaframlög launagreiðenda	59 m.kr.
Lífeyrir	303 m.kr.



Hreinar fjárfestingatekjur	3.369 m.kr.
Rekstrarkostnaður	60 m.kr.
Hrein eign til greiðslu lífeyris	36.742 m.kr.
Skuldbindingar umfram eignir	1.876 m.kr.
Raunávöxtun ársins	7,5 %



Fjöldi virkra sjóðfélaga að meðaltali	4.589
Fjöldi lífeyrisþega að meðaltali	1.243





Tryggingafræðileg
staða versnaði á árinu
úr -1,2% í -2,2%

Um deildina

V deildin er öllum opin og veitir sambærileg réttindi og lífeyrissjóðir í almenna lífeyrissjóðskerfinu. Þeir sem eru í A deild geta valið að fara í V deildina, en ekki er hægt að fara úr V deild í A deild.

Réttindaávinnsla


Réttindaávinnsla V deildar er og hefur verið aldurstengd og eru réttindin því háð aldri, iðgjaldi og ávöxtun. Góð ávöxtun eigna skilar sér í auknum réttindum en eins ber sjóðnum að skerða réttindi ef eignir duga ekki fyrir skuldbindingum.

Meginreglan er að iðgjald nemi 12% af greiddum launum sem tryggir grunnréttindi en iðgjald umfram það telst viðbótariðgjald sem sjóðfélagi getur ráðstafað í sér-eignarsparnað.

Tryggingafræðileg staða

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar í árslok 2019 sýnir að áfallin skuldbinding V deildar í árslok 2019 var 33,8 ma.kr. og hækkaði um 5,2 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg eign V deildar í árslok 2019 nam 34,2 ma.kr. og hækkaði um 5,3 ma.kr. á milli ára. Eignir í árslok voru 415,1 m.kr. hærri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding neikvæð um 1.876,0 m.kr. eða um 2,2% af heildarskuldbindingunni. Réttindi sjóðfélaga í V deild eru ekki tryggð og geta sjóðfélagar þurft að sæta skerðingu réttinda ef eignir eru ekki nægar á móti skuldbindingum deildarinnar.

V deild – Eignir (skuldir) umfram heildarskuldbindingar






4.589 virkir
sjóðfélagar
í V deild

Iðgjöld

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga í V deild, þ.e. er sá fjöldi sem greiðir iðgjöld í hverjum mánuði, var 4.589.

Á árinu 2019 námu iðgjaldagreiðslur til V deildar samtals 3.233,2 m.kr. og hækkuðu um rúm 10,5% á milli ára.





1.243
lífeyrisþegar
eru í V deild

Lífeyrir

Sjóðfélögum í V deild er heimilt að hefja töku eftirlauna milli 60–80 ára aldurs en frá og með 1. júní 2017 var viðmiðunaráldur lífeyristöku hækkaður úr 65 árum í 67 ár fyrir réttindi áunnin eftir 1. júní 2017, til samræmis við lífeyrissjóði í almenna lífeyriskerfinu. Mánaðarleg fjárhæð greiðslu lækkar ef lífeyristaka hefst fyrir og hækkar ef lífeyristaka hefst síðar.


Makalífeyrir í V deild nemur 50% af lífeyrisréttindum látins sjóðfélaga og greiðist í tvö ár eða þangað til yngsta barn nær 18 ára aldri. Þessi réttindi haldast ef maki er meira en 50% öryrki og yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélaga.

Barnalífeyrir er greiddur þar til barn verður 18 ára, við fráfall eða örorku sjóðfélaga.

Örorkulífeyrir miðast við 50% örorkumat og raunverulega tekjuskerðingu en lífeyrir er framreiknaður til 65 ára aldurs, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, þrátt fyrir hækkun viðmiðunaráldurs lífeyristöku í 67 ár.

Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna V deildar á árinu 2019 nam 278,2 m.kr. og skiptist þannig að 33,6% var ellilífeyrir eða samtals 93,5 m.kr., 57,6% örorkulífeyrir eða samtals 160,2 m.kr., 1,1% makalífeyrir eða samtals 3,0 m.kr. og 7,7% barnalífeyrir eða samtals 21,5 m.kr.




Meðalfjöldi lífeyrisþega V deildarinnar á árinu 2019 var 1.243.



Eignir A og V deilda

Ávöxtun ársins

Nafnávöxtun A og V deilda sjóðsins var 10,3% á árinu og hrein raunávöxtun um 7,5% sem er töluvert hærrí en fjárfestingarstefna deildanna fyrir árið 2019 gerði ráð fyrir, sem var 4,1% raunávöxtun. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar var 5,1% og tíu ára meðaltal hreinnar ávöxtunar var 4,3%. Framlag ávöxtunar má að stórum hluta rekja til hækkunar á erlendum og innlendum hlutabréfamarkaði en jafnframt hélt ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa sem og annarra skráðra skuldabréfa áfram að gefa eftir á árinu sem skilaði talsverðum gengishagnaði á árinu.



Eignir A og V deilda

Kaup og sala ársins

Viðskipti ársins í A og V deild námu 32,3 ma.kr. á árinu 2019 samanborið við 52,4 ma.kr. árið 2018. Mest var fjárfest í fasteignaveðtryggðum skuldabréfum en einnig var fjárfest í öðrum skuldabréfum útgefnum af sveitarfélögum og fjármálastofnunum. Þá var fjárfest í erlendum og innlendum hlutabréfum og nokkuð var um innkallanir skuldbindinga í fagfjárfestasjóðum. Sjá hér samandregin verðbréfa- viðskipti ársins fyrir A og V deild:

Verðbréfavíðskipti í A og V deildum

Milljónir kr.

Skuldabréf og peningamarkaðsinnlán	2019
Ríkisskuldabréf	-286
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	9.821
Skuldabréf sveitarfélaga	1.700
Sértryggð skuldabréf	3.784
Skuldabréf og víxlar lánastofnana	3.163
Skuldabréf fyrirtækja	3.334
Peningamarkaðssjóðir	5.325
Hlutabréf og fagfjárfestasjóðir	
Innlend hlutabréf	928
Innlendir fagfjárfestasjóðir	259
Erlend hlutabréf	2.999
Erlendir fagfjárfestasjóðir	1.231
Kaup og sala verðbréfa nettó á árinu	32.259




Eignir A og V deilda



Fjöldi nýrra lána
var 530



Heildarfjárhæð
nýrra útlána
var 10,6 m.kr.




46,7%

Óverðtryggð lán
Verðtryggð lán


Sjóðfélagalán

Á árinu 2019 var áfram mikil eftirspurn eftir sjóðfélagalánum og voru 530 ný lán veitt til sjóðfélaga, samtals að fjárhæð 10,6 m.kr. samanborið við 596 ný lán á árinu 2018 að heildarfjárhæð 12,7 m.kr. Meðalfjárhæð lána á árinu 2019 nam 20,0 m.kr. samanborið við 21,4 m.kr á árinu 2018. Eftirspurn eftir sjóðfélagalánum er enn mikil og vægi þessa eignaflokks hefur aukist verulega hjá sjóðnum. Lánin eru góð fjárfesting fyrir sjóðinn sem fær stöðuga ávöxtun með góðum tryggingum í formi fasteignaveða. Í árslok 2019 námu útistandandi sjóðfélagalán 26,3 m.kr. Þar af voru 53,3% verðtryggð og 46,7% óverðtryggð.


Fjöldi nýrra sjóðfélagalána



Ný lán til sjóðfélaga í m.kr.



Meðalfjárhæð nýrra sjóðfélagalána í m.kr.



Eignir A og V deilda

Verðbréfaeign í árslok

Fjárfestingaeignir A og V deilda námu 226,2 ma.kr. í árslok 2019. Þar af nam hluti A deildar 190,7 ma.kr. og hluti V deildar 35,5 ma.kr. Stærsti hluti eignasafns A og V deilda er innlend skuldabréf og innlán eða 77,7% um áramót. Þar af voru ríkistryggð skuldabréf 20,3% og fasteignaveðtryggð skuldabréf 12,9%. Innlend hlutabréf voru í árslok 4,8%, erlend hlutabréf voru 10,2% og fagfjárfestasjóðir 7,3%. Erend innlán og skuldabréf námu 9,2%. Nánari skiptingu á eignasafni A og V deilda má sjá sundurliðað eftir eignaflokkum í töflunni hér fyrir neðan sem sýnir eignastöðu í árslok 2019 og fjárfestingarstefnu fyrir árið 2019.

Sundurliðun á eignasafni A og V deildar eftir eignaflokkum í árslok 2019 og stefnu 2019

	Eignaflokkar	Brú AV 31.12.2019	Stefna 2019	Vikmörk
A.a	Ríkisvixlar og skuldabréf	20,3%	22%	10–30%
A.b	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	12,9%	12%	6–20%
B.a	Skuldabréf sveitarfélaga	10,5%	11%	5–20%
B.b	Innlán	4,5%	1%	0–20%
B.c	Sértryggð skuldabréf	12,7%	14%	5–20%
C.a	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	0,2%	1%	0–3%
C.b.a	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS – skuldabréf	6,5%	0%	0–10%
C.b.b	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS – hlutabréf	9,8%	16%	0–25%
D.a	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	7,5%	7%	0–12%
D.b	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1,7%	2%	0–5%
E.a	Hlutabréf félaga	5,3%	6%	0–15%
E.b.a	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu – fagfjárfestasjóðir	7,3%	7%	0–13%
E.b.b	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu – fjárfestingasjóðir	0,8%	1%	0–7%
E.c	Fasteignir	0,0%	0%	0–5%
F.a	Afleiður	0,0%	0%	0–5%
F.b	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,1%	0%	0–5%
	Samtals:	100%	100%	

Eignir A og V deilda

Fjárfestingarstefna A og V deilda 2020

Fjárfestingarstefna fyrir árið 2020 er eins fyrir A og V deild þar sem eignasafn deildanna er sameiginlegt. Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er litið til núverandi ávöxtunar og stefnu eignaflokka, væntanlegrar útgáfu og skráningar sem og annarra þátta sem talið er að kunni að hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og möguleika sjóðsins til ávöxtunar á komandi ári. Markaðsverðmæti eignaflokka getur sveiflast nokkuð og er víkmörkum ætlað að koma til móts við það auk þess að gefa svigrúm til þess að stýra eignum eftir markaðsaðstæðum.


Samandregna eignastöðu A og V deilda í árslok 2019 ásamt fjárfestingarstefnu 2020 má sjá í töflunni hér fyrir neðan. Fjárfestingarstefnan er jafnframt sýnd á skífuriti.

Fjárfestingastefna A og V deilda 2020

Samandregning eignaflokka	Staða 31.12.2019	Stefna 2020
Skuldabréf og innlán	77,7%	69%
Innlend skuldabréf og innlán (Aa, Ba, Bb, bc, Ca, Cba, Da, Db, Ebb)	55,6%	55%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (Ab)	12,9%	13%
Erlend skuldabréf og innlán (Aa, Bb, Cba, Da)	9,2%	1%
Hlutabréf og fagfjárfestastjóðir	22,3%	31%
Innlend hlutabréf (Cbb, Ea)	4,8%	6%
Erlend hlutabréf (Cbb, Ea)	10,2%	18%
Fagfjárfestastjóðir (Eba)	7,3%	7%
Samtals:	100,0%	100%

* Í svigum eru tilteknir samandregning eignaflokka

** Aa, Bb, Cba, Cbb, Da, Ea og Eba ná bæði til innlendra og erlendra eigna



Eignir A og V deilda

Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu

Mat á væntri ávöxtun horft tólf mánuði fram í tímann er ætíð háð mikilli óvissu. Löng meðaltöl ávöxtunar gefa gjarnan ágæt viðmið en jafnframt er litið til fleiri þátta sem kunna að hafa áhrif á væntingar á hverjum tíma, sérstaklega þegar horft er til skamms tíma, t.d. hátt flókt á ávöxtun hlutabréfa innan árs í samanburði við langtíma ávöxtun hlutabréfa.

Samkvæmt gefnum forsendum um ávöxtun verðbréfaflokka er vænt raunávöxtun sjóðsins fyrir árið 2020 um 4,4% en markmið sjóðsins er að ná a.m.k. 3,5% raunávöxtun til lengri tíma. Miðað við þær forsendur, sem sýndar eru í töflunni hér fyrir neðan, er áhætta (staðalfrávik ávöxtunar) fjárfestingarstefnunnar um 4,8%. Miðað er við að áhætta eignasafns lífeyrissjóðsins sé sambærileg og áhætta fjárfestingarstefnunnar en það fer þó eftir markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá viðmiðunarvísitölur sem stuðst er við fyrir hvern eignaflokk.

Viðmiðunarvísitölur og vænt ávöxtun fyrir hvern eignaflokk í A og V deild

	Markmið 2020	Vænt ávöxtun	Staðalfrávik ávöxtunar	Viðmiðunarvísitala
Lausafé	1%	2,1%	1,0%	OMX13MNI
Skuldabréfa á gangvirði	24%	7,3%	8,3%	NOMXIBB
Hlutabréf, erlend	18%	8,0%	18,5%	S&P 500 SPX
Hlutabréf, innlend	6%	7,4%	16,7%	OMXIGI ALL SHARE
Framtakssjóðir	7%	12,7%	13,2%	GLPEXUTR
Sjóðfélagalán	13%	5,9%	0,0%	BRUSJODFLAN*
Skuldabréf á kaupkröfu	31%	5,1%	0,0%	OSKRAD_BRU_AV**
Meðaltal	100%	6,9%	4,8%	
Verðbólga		2,4%		
Vænt raunávöxtun		4,4%		

* Skuldabréfavísitala sem endurspeglar sjóðfélagalán

** Skuldabréfavísitala sem endurspeglar skuldabréf sjóðsins á kaupkröfu sem haldið er til lokagjalds

Fjárfestingarstefnu Brúar lífeyrissjóðs 2020 í heild má sjá á heimasíðu sjóðsins: www.lifbru.is



B deild - lykiltölur



Löggjöld sjóðfélaga	140 m.kr.
Sérstök aukaframlög launagreiðenda	1.977 m.kr.
Lífeyrir	2.817 m.kr.



Hreinar fjárfestingatekjur	1.578 m.kr.
Rekstrarkostnaður	110 m.kr.
Hrein eign til greiðslu lífeyris	15.166 m.kr.
Skuldbindingar umfram eignir	11.695 m.kr.
Raunávöxtun ársins	7,6 %



Fjöldi virkra sjóðfélaga að meðaltali	186
Fjöldi lífeyrisþega að meðaltali	1.773





Sjö réttindasöfn í B deild 2019

-
- Akranes
- Fjarðabyggð
- Hafnarfjörður
- Kópavogur
- Norðurþing
- Reykjanesbær
- Vestmannaeyjar



Tryggingafræðileg
staða batnar á árinu
úr -21,7% í -20,1%

Um deildina

B deild Brúar lífeyrissjóðs var stofnuð sumarið 2013 með sameiningu fimm lokaðra sveitarfélagssjóða, en þá sameinuðust Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar, Lífeyrissjóður Neskaupstaðar og Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar. Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar var sameinaður við B deild 1. janúar 2017 og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar 1. janúar 2018.

Sjóðir sem sameinast hafa í B deildina eru lokaðir sjóðir, þ.e. þeir hættu að taka við nýjum sjóðfélögum þegar lífeyriskerfinu var breytt með lagasetningu árið 1998. Virkum sjóðfélögum sem greiða iðgjöld til sjóðsins fækkar með tímanum en að sama skapi fjölgar þeim sem fá greiddan lífeyri.

Réttindaávinnsla

Almennt er réttindaávinnsla í B deild 2% á ári af dagvinnulaunum fyrir fullt starf. Hlutastarf skilar hlutfallslegum réttindum. Þeir sem vinna minna en 50% starf eiga ekki aðild að B deild. Réttindi eru tryggð með bakábyrgð launagreiðenda.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða B deildar var neikvæð um 20,1% í árslok 2019. Heildareignir voru 46,5 ma.kr. og heildarskuldbindingar 58,1 ma.kr. og nemur því hallinn 11,7 ma.kr. Til að standa undir lífeyrisgreiðslum greiða launagreiðendur aukaframlag sem er ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum í hverju réttindasafni. Í tryggingafræðilegri athugun er tekið tillit til þessara framlaga og þau færð sem eign sem nemur 33,5 ma.kr. Skuldbinding B deildar er með bakábyrgð eftirfarandi sveitarfélaga; Hafnarfjarðarbæjar, Akraneskaupstaðar, Vestmannaeyjabæjar, Norðurþings, Fjarðabyggðar, Reykjanesbæjar og Kópavogsbæjar. Réttindi sjóðfélaga í B deild eru tryggð.








 186 virkir
 sjóðfélagar
 í B deild

Iðgjöld

Að meðaltali greiddu 186 sjóðfélagar til B deildarinnar í hverjum mánuði á árinu 2019 en B deildin er lokuð fyrir nýjum félögum. Á árinu 2019 námu iðgjaldagreiðslur til B deildar samtals 2.116,6 m.kr. samanborið við 1.735,7 m.kr. á árinu 2018. Iðgjaldagreiðslur til B deildar án aukaframlaga námu 139,8 m.kr. á árinu samanborið við 152,9 m.kr. á árinu 2018.





1.773
lífeyrissþegar
í B deild

Lífeyrir


Sjóðfélagar B deildar sem eru orðnir 65 ára og hafa látið af störfum hjá sveitarfélagi eða stofnunum þess geta hafið töku lífeyriss. Mögulegt er að hefja töku lífeyriss fyrir ef sjóðfélagi hefur náð 95 ára reglunni, sem er samanlagður sjóðfélagaaldur og lífaldur.

Makalífeyrir er að jafnaði 50% af áunnum réttindum sjóðfélaga og greiðist ævilangt. Makalífeyrir fellur niður ef maki hefur sambúð eða gengur í hjónaband að nýju.

Barnalífeyrir er greiddur þar til barn verður 18 ára.

Örorkulífeyrir tekur mið af áunnum réttindum og er miðað við að lágmarki 10% örorkumat.



Heildarfjárhæð lífeyrissgreiðslna B deildarinnar á árinu 2019 nam 2.815,6 m.kr. og skiptist heildarfjárhæðin þannig að 81,6% var greiddur ellilífeyrir eða samtals 2.298,4 m.kr., 4,5% örorkulífeyrir eða samtals 125,4 m.kr., 13,9% makalífeyrir eða samtals 391,4 m.kr. Meðalfjöldi lífeyrissþega B deildar á árinu 2019 var 1.773.





Ávöxtun ársins

Nafnávöxtun B deildar var 10,4% á árinu og hrein raunávöxtun var 7,6%. Fjárfestingastefna B deildar gerði ráð fyrir 3,5% raunávöxtun á árinu. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar var 4,3%. Framlag ávöxtunar má að stórum hluta rekja til hækkunar á erlendum og innlendum hlutabréfamarkaði en jafnframt hélt ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa sem og annarra skráðra skuldabréfa áfram að gefa eftir á árinu sem skilaði talsverðum gengishagnaði.



Kaup og sala ársins

Viðskipti ársins í B deild námu 171,9 m.kr. á árinu 2019 samanborið við 618,6 m.kr. árið áður. Á árinu var fjárfest mest í skuldabréfum fyrirtækja, sértryggðum skuldabréfum, og erlendum hlutabréfum. Hér má sjá samandregin verðbréfiðskipti ársins fyrir B deild:

Verðbréfiðskipti í B deild

Milljónir kr.

Skuldabréf og peningamarkaðsinnlán	2019
Ríkisskuldabréf	1
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0
Skuldabréf sveitarfélaga	0
Sértryggð skuldabréf	103
Skuldabréf og víxlar lánastofnana	60
Skuldabréf fyrirtækja	329
Peningamarkaðssjóðir	-412
Hlutabréf og fagfjárfestasjóðir	
Innlend hlutabréf	-24
Innlendir fagfjárfestasjóðir	0
Erlend hlutabréf	115
Erlendir fagfjárfestasjóðir	0
Kaup og sala verðbréfa nettó á árinu	172



Verðbréfaeign í árslok

Fjárfestingaeignir B deildar námu 14,1 ma.kr. í árslok 2019 samanborið við 13,5 ma.kr. í árslok 2018. Stærsti hluti eignasafns sjóðsins er í innlendum skuldabréfum og innlánnum eða 79,5% um áramót. Þar af voru ríkistryggð skuldabréf um 43,9%. Innlend og erlend hlutabréf og fagfjárfestasjóðir voru í árslok 20,5% af eignasafni B deildar. Nánari skiptingu á eignasafni B deildar má sjá sundurliðaða eftir eignaflokkum en taflan hér fyrir neðan sem sýnir eignastöðu í árslok 2019 og fjárfestingarstefnu fyrir árið 2019.

Sundurliðun á eignasafni B deildar eftir eignaflokkum í árslok 2019 og stefnu 2019.

	Eignaflokkar	Brú AV 31.12.2019	Stefna 2019	Vikmörk
A.a	Ríkisvixlar og skuldabréf	43,9%	45%	35-55%
A.b	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	3,0%	4%	2-15%
B.a	Skuldabréf sveitarfélaga	6,4%	6%	1-15%
B.b	Innlán	6,3%	1%	0-15%
B.c	Sértryggð skuldabréf	5,6%	7%	1-15%
C.a	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	0,4%	0%	0-5%
C.b.a	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS - skuldabréf	0,0%	1%	0-10%
C.b.b	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS - hlutabréf	10,7%	16%	0-25%
D.a	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	7,9%	6%	0-15%
D.b	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,3%	1%	0-5%
E.a	Hlutabréf félaga	9,4%	9%	0-15%
E.b.a	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu – fagfjárfestasjóðir	0,4%	0%	0-5%
E.b.b	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu – fjárfestingasjóðir	5,6%	5%	0-10%
E.c	Fasteignir	0,0%	0%	0-5%
F.a	Afleiður	0,0%	0%	0-5%
F.b	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0%	0-5%
	Samtals:	100%	100%	



Fjárfestingarstefna B deildar 2020

Fjárfestingastefnan fyrir B deildina er sem fyrr varkár en markmiðið er að ekki reyni frekar á bakábyrgð sveitarfélaganna. Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er litið til núverandi ávöxtunar og stefnu eignaflokka, væntanlegrar útgáfu og skráningar sem og annarra þátta sem talið er að kunnni að hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og möguleika sjóðsins til ávöxtunar á komandi ári. Markaðsverðmæti eignaflokka getur sveiflast nokkuð og er vikmörkunum ætlað að koma til móts við það auk þess að gefa svigrúm til þess að stýra eignum eftir markaðsaðstæðum.


Samandregna eignastöðu B deildar í árslok 2019 ásamt fjárfestingarstefnu 2020 má sjá í töflu hér fyrir neðan. Fjárfestingarstefnan er jafnframt sýnd á skífuriti.

Fjárfestingarstefna B deildar 2020

Samandregnir eignaflokkar	Staða 31.12.2019	Stefna 2020
Skuldabréf og innlán	79,5%	74%
Innlend skuldabréf og innlán (Aa, Ba, Bb, bc, Ca, Cba, Da, Db, Ebb)	72,6%	69%
Erlend skuldabréf og innlán (Aa, Bb, Cba, Da)	3,9%	1%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (Ab)	3,0%	4%
Hlutabréf og fagfjárfestasjóðir	20,5%	26%
Innlend hlutabréf (Cbb, Ea)	8,1%	8%
Erlend hlutabréf (Cbb, Ea)	12,0%	18%
Fagfjárfestasjóðir (Eba)	0,4%	0%
Samtals:	100%	100%

* Í svigum eru tilteknir samandregnir eignaflokkar

** Aa, Bb, Cba, Cbb, Da, Ea og Eba ná bæði til innlendra og erlendra eigna





Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu

Samkvæmt gefnum forsendum um ávöxtun verðbréfaflokka er vænt raunávöxtun sjóðsins fyrir árið 2020 um 4,1% en markmið sjóðsins er að ná a.m.k. 3,5% raunávöxtun til lengri tíma. Miðað við þær forsendur, sem sýndar eru í töflunni hér fyrir neðan er áhætta (staðalfrávik ávöxtunar) fjárfestingarstefnunnar um 5,2%. Miðað er við að áhætta eignasafns lífeyrissjóðsins sé sambærileg og áhætta fjárfestingarstefnunnar en það fer þó eftir markaðsaðstæðum á hverjum tíma.

Viðmiðunarvísitölur og vænt ávöxtun fyrir hvern eignaflokk í B deild

	Markmið 2020	Vænt ávöxtun	Staðalfrávik ávöxtunar	Viðmiðunarvísitala
Lausafé	2%	2,1%	1,0%	OMX13MNI
Skuldabréf á kaupkröfu	32%	5,0%	0,0%	OSKRAD_BRU_B
Hlutabréf, erlend	18%	8,0%	18,5%	S&P 500 SPX
Hlutabréf, innlend	8%	7,4%	16,7%	OMXIGI ALL SHARE
Skuldabréf á gangvirði	40%	7,3%	8,3%	NOMXIBB_BENCHMARK_BONDS
Meðaltal	100%	6,6%	5,2%	
Verðbólga		2,4%		
Vænt raunávöxtun		4,1%		

Fjárfestingarstefnu Brúar lífeyrissjóðs 2020 í heild má sjá á heimasíðu sjóðsins: www.lifbru.is



Áhættustýring

Stjórn ber ábyrgð á að virk áhættustýring sé til staðar. Hún hefur mótað og sett áhættustefnu, áhættustýringarstefnu og skilgreint áhættuvilja. Á grundvelli áhættustefna felur stjórn framkvæmdastjóra og sviðsstjóra áhættustýringar umsjón með áhættueftirliti en framkvæmd stefnunnar dreifist á starfsmenn eftir ábyrgðarsviði. Áhættustefnur og yfirlýsing um áhættuvilja var yfirfarin á árinu 2019 og var uppfærð stefna samþykkt í stjórn þann 11. mars 2019.

Stefnuskjöl sjóðsins byggja á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

Áhættueftirlit er að stærstum hluta framkvæmt með skilgreindum og tímasettum eftirlitsaðgerðum, virku innra eftirliti og reglubundnu áhættumati. Aðferð sjóðsins við mat á áhættu byggir m.a. á alþjóðlegum ISO/IEC stöðlum sem aðlagaðir hafa verið að starfsemi sjóðsins. Staðlarnir ná yfir uppbyggingu og skilgreiningar á lykilhugtökum áhættustýringar og upplýsingaöryggi. Í áhættustýringarstefnu eru skilgreindir fimm meginflokkar áhættu þ.e. fjárhagsáhætta (markaðsáhætta), mótaðilaáhætta, lífeyristryggingaráhætta, lausafjárahætta og rekstraráhætta. Í hverjum meginflokki áhættu eru skilgreindir undirflokkar.

Frekari upplýsingar um áhættustýringu og einstaka áhættuþætti í starfsemi sjóðsins er að finna í skýringum 44–49 í ársreikningi þar sem fjallað er um hverja áhættu fyrir sig og hver áhrif hennar eru á hreina eign til greiðslu lífeyris annars vegar og á tryggingafræðilega stöðu hins vegar.



Stjórnarháttayfirlýsing 2019

Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Stjórn og stjórnendur Brúar lífeyrissjóðs hafa sett sér það markmið að hafa góða stjórnarhætti að leiðarljósi. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari er verið að uppfylla þær kröfur sem fram koma í 51. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Við mótun stjórnarháttanna hefur stjórn sjóðsins stuðst við leiðbeiningar sem fram koma í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins á árinu 2015. Sjóðurinn vikur þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um lífeyrissjóði, til að mynda atriði sem varða hluthafafundi og hluthafa.

Hlutverk Brúar lífeyrissjóðs

Brú lífeyrissjóður starfar á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samþykktá sjóðsins. Sjóðurinn var stofnaður 28. júlí 1998 með samningi á milli BHM, BSRB og Kennarasambands Íslands (KÍ) fyrir hönd hlutaðeigandi stéttarfélaga annars vegar og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sjóðurinn er með þrjár deildir sem eru;

- **A deild:** Kjarasamningsbundin aðild starfsmanna sveitarfélaga sem eru í BSRB, BHM og KÍ
Þann 22. desember 2017 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 127/2017 um breytingu á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem hafa áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóð. Samkvæmt lögnum er frá 1. júní 2017 tekið upp breytt réttindakerfi þar sem sjóðfélagar ávinna sér réttindi í aldurstengdu réttindakerfi og lífeyristökualdur verður miðaður við 67 ára aldur. Núverandi sjóðfélögum er, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, áfram tryggð óbreytt jöfn réttindaávinnsla og óbreyttur 65 ára lífeyristökualdur. Til að tryggja óbreytt réttindi og til að mæta halla á stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017 greiddu launagreiðendur framlög í jafnvægisjóð sem er ætlað að koma áfallinni stöðu A deildar í jafnvægi, framlög í lífeyrisaukasjóð til að mæta breytingu á réttindaöflun sjóðsfélaga og framlög í varúðarsjóð sem er ætlað til að styðja við lífeyrisaukasjóðinn.
- **V deild:** Deild sem er öllum opin.
- **B deild:** Réttindasöfn lokaðra lífeyrissjóða sveitarfélaga sem sameinuðust í eina deild þann 1. júlí 2013:
 - Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar
 - Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar
 - Lífeyrissjóður Neskaupstaðar
 - Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar
 - Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar
 - Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar sameinaðist inn í B deild þann 1. janúar 2017.
 - Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar inn í B deild þann 1. janúar 2018.

Hlutverk Brúar lífeyrissjóðs er er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem fram koma í samþykktum sjóðsins. Í samþykktum kemur m.a. fram að sjóðurinn leggi áherslu á ellilífeyrisréttindi og áskilji sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykktá sjóðsins.

Stjórnarhættir

Brú lífeyrissjóður leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint. Í reglunum er fjallað um kerksvið stjórnar, boðun stjórnarfunda, reglur um fundarsköp, vanhæfisástæður, hagsmunatengsl og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins.

Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Í leiðbeiningunum er hvatt til þess að stjórn skipi starfskjaranefnd til að setja sjóðnum starfskjarastefnu og semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn um laun og önnur starfskjör. Stjórn sjóðsins ákvað að setja ekki á fót sérstaka starfskjaranefnd í ljósi þess að einungis tuttugu og sex starfsmenn starfa hjá sjóðnum.

Þá hvetja leiðbeiningarnar til þess að tilnefningarnefnd sé kosin á aðalfundi en hún á ekki við hjá sjóðnum.

Stjórnarháttayfirlýsing

Lög, reglur og tilmæli

Brú lífeyrissjóður er eftirlitsskyldur aðili sbr. lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lög, reglur og tilmæli sem varða starfsemi lífeyrissjóða er hægt að nálgast á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (FME), www.fme.is.

Innri reglur og stefnur Brúar lífeyrissjóðs eru m.a. eftirfarandi:

- Starfsreglur stjórnar
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar
- Starfsreglur áhættunefndar
- Samskipta og siðareglur
- Reglur um hæfi lykilstarfsmanna
- Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti
- Fjárfestingastefna
 - Hluthafastefna
 - Stefna um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum
- Áhættustefna
- Stefna um áhættuvilja
- Persónuverndarstefna
- Mannauðsstefna
- Starfskjarastefna
- Stefna í upplýsingatækni
- Stefna um upplýsingaöryggi
- Útvistunarstefna

Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Stefnan grundvallast á lagafyrirmælum, leiðbeinandi reglum FME, og stöðlum. Áhættustýring hefur mótað eftirlitskerfi þar sem áhættur í starfsemi sjóðsins eru greindar, metnar og vaktaðar. Áhersla er lögð á góða yfirsýn stjórnar og stjórnenda yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að starfsmenn sjóðsins hafi þekkingu á hlutverki sínu og taki virkan þátt.

Sviðsstjóri áhættustýringar er ábyrgðarmaður með framkvæmd og eftirfylgni með áhættustefnu og áhættustýringu sjóðsins og heyrir hann beint undir framkvæmdastjóra. Til að tryggja honum aukið sjálfstæði í starfi hefur hann beinan og milliliðalausan aðgang að stjórn, áhættu- og endurskoðunarnefnd.

Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í skýringum í ársreikningi.

Innra eftirlit.

Innra eftirlit sjóðsins er skipulagt með það að markmiði að sjóðurinn nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum ásamt því að fylgjast með að lögum og reglum sé framfylgt. Innri endurskoðun yfirfer árlega virkni innra eftirlits sjóðsins. Að framkvæmd innra eftirlits koma allir starfsmenn sjóðsins með einum eða öðrum hætti. Innra eftirlit sjóðsins byggir meðal annars á verkferlum, starfslýsingum, skýrsluskilum, upplýsingagjöf, aðgreiningu starfa og aðgangsstýringum.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórnskipulag Brúar lífeyrissjóðs

Skipurit sjóðsins er óbreytt frá fyrra ári.



Stjórn

Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins og sér til þess að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og samþykktá sjóðsins. Stjórnin tekur stefnumarkandi ákvarðanir er varða hag og starfsemi sjóðsins. Hún mótar og ber ábyrgð á skipulagi og virkni innra eftirlits. Stjórn hefur samið við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innri endurskoðun. Jafnframt ræður hún löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að annast ytri endurskoðun sem og tryggingastærðfræðing til að sjá um tryggingafræðilega athugun.

Stjórn gerir starfsáætlun fyrir hvert ár og í upphafi starfsárs færir stjórn síðan helstu verkefni sín og áherslur á starfsárinu inn á starfsáætlunina.

Stjórn hefur skipað tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og áhættunefnd.

Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga skulu einingar sem tengdar eru almannahagsmunum eins og lífeyrissjóðir starfrækja endurskoðunarnefnd. Stjórn skipar endurskoðunarnefnd sem heyrir beint undir stjórn.

Starfsreglur endurskoðunarnefndar má finna á heimasíðu sjóðsins.

Í endurskoðunarnefnd eru Karl Björnsson formaður, Garðar Hilmarsson og Birgir Björn Sigurjónsson.

Á árinu 2019 fundaði endurskoðunarnefnd 10 sinnum.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar.
- Mat á óhæði og eftirlit með störfum endurskoðanda.
- Leggja fram tillögu um val á innri og ytri endurskoðanda.

Stjórnarháttayfirlýsing

Áhættunefnd

Stjórn setti á legg áhættunefnd á árinu 2019 og skipaði í hana tvo nefndarmenn. Áhættunefnd heyrir beint undir stjórn. Starfsreglur áhættunefndar má finna á heimasíðu sjóðsins. Í áhættunefnd eru Birgir Björn Sigurjónsson, formaður og Halldóra Káradóttir.

Á árinu 2019 fundaði áhættunefnd 16 sinnum.

Hlutverk áhættunefndar er eftirfarandi:

- er ráðgefandi fyrir stjórn við mótun áhættustefnu og áhættuvilja.
- er ráðgefandi um framkvæmd innleiðingar á áhættustefnu og áhættustýringu sjóðsins.
- tekur þátt í að auðkenna lykilhættuþætti sjóðsins.
- leggur mat ársfjórðungslega á hvort sjóðurinn starfi innan áhættustefnu og áhættuvilja stjórnar.
- leggur mat á fyrirkomulag og virkni áhættustýringar.
- yfirfer og metur álagspróf og sviðsmyndir.
- yfirfer skýrslu og niðurstöður um eigið áhættumat.

Endurskoðun

Ársreikningar sjóðsins eru endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Innri endurskoðun er í höndum sjálfstætt starfandi endurskoðenda. Endurskoðun sjóðsins og innri endurskoðun eru í höndum aðskilinna endurskoðunarfyrirtækja. Endurskoðunarnefnd sjóðsins gerir tillögu um val á bæði innri og ytri endurskoðanda.

Skipan stjórnar og stjórnarmenn

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er stjórnin skipuð sex stjórnarmönnum og jafnmörgum varamönnum. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar þrjá stjórnarmenn, BSRB skipar tvo og Bandalag háskólamanna skipar einn. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár og tók ný stjórn til starfa í byrjun árs 2019. Stjórnin kys formann úr sínum hópi til tveggja ára í senn. Aðalmenn í stjórn sjóðsins á árinu 2019 eru Benedikt Þór Valson sem er formaður stjórnar, Garðar Hilmarsson varaformaður, Auður Kjartansdóttir, Halldóra Káradóttir, Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

Sjálfsmat stjórnar.

Stjórn tók til starfa í upphafi árs 2019 og gerði ekki sjálfsmat á árinu en í starfsáætlun ársins er gert ráð fyrir sjálfsmati haustið 2020.

Fjöldi funda og mæting.

Á árinu 2019 voru haldnir 20 stjórnarfundir. Upplýsingar um fundarsókn einstakra stjórnarmanna koma fram í eftirfarandi upplýsingum um hvern og einn stjórnarmann.

Stjórnarmenn:

Benedikt Þór Valsson, formaður stjórnar

Benedikt hefur setið í stjórn sjóðsins frá árinu 2014 og frá ársbyrjun 2019 verið formaður stjórnar. Hann hefur starfað sem hagfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2009. Benedikt sat 20 stjórnarfundir á árinu 2019.

Garðar Hilmarsson

Garðar hefur setið í stjórn sjóðsins frá árinu 2006 og frá ársbyrjun 2019 verið varaformaður stjórnar. Hann var formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 2006 fram til janúar 2019 en þá var félagið sameinað SFR stéttarfélagi í almannatjónustu. Garðar er varaformaður sameinaðs félags, Sameykis. Garðar sat 18 stjórnarfundir á árinu 2019.

Auður Kjartansdóttir

Auður hefur setið í stjórn sjóðsins frá ársbyrjun 2019. Auður hefur verið bæjarfulltrúi í Snæfellsbæ frá árinu 2018 ásamt því hefur hún gegnt stöðu fjármálastjóra hjá Fiskmarkaði Íslands frá árinu 2016. Auður sat 20 stjórnarfundir á árinu 2019.

Halldóra Káradóttir

Halldóra hefur setið í stjórn sjóðsins frá ársbyrjun 2019. Hún starfar sem sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar og hefur verið í því starfi frá 1. júní 2019. Halldóra starfaði á tímabilinu 2006 til 2019 sem skrifstofustjóri á fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar með ábyrgð á fjárhagsáætlunum og greiningum á sviði fjármála. Halldóra sat 17 stjórnarfundum á árinu 2019.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Sonja Ýr hefur setið í stjórn sjóðsins frá ársbyrjun 2019. Hún hefur starfað sem formaður BSRB frá árinu 2018. Sonja Ýr sat 17 stjórnarfundum á árinu 2019.

Porkell Heiðarsson

Porkell hefur setið í stjórn sjóðsins frá ársbyrjun 2019. Hann er gjaldkeri Bandalags háskólanna (BHM) og varaformaður Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN). Þá er hann varaborgarfulltrúi í Reykjavík. Porkell sat 20 stjórnarfundum á árinu 2019.

Ebba Schram

Ebba kom inn sem varamaður í stjórn sjóðsins á árinu 2018. Hún hefur gegnt stöðu borgarlögmans frá árinu 2017. Ebba sat 2 stjórnarfundum á árinu 2019.

Magnús Smári Smáráson

Magnús Smári kom inn sem varamaður í stjórn sjóðsins í ársbyrjun 2019. Hann hefur verið stjórnarmaður hjá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna frá 2016, formaður þess félags frá 2018 og varamaður í stjórn BSRB. Magnús Smári sat 2 stjórnarfundum á árinu 2019.

Stjórnendur:

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga nr. 129/1997, reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hluti í, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Gerður Guðjónsdóttir.

Sviðsstjóri réttindasviðs er Þóra Jónsdóttir. Sviðið sér um skráningu og innheimtu iðgjalda, úrskurði lífeyris og lífeyrisgreiðslur. Þóra er skilgreind sem lykilstarfsmaður.

Sviðsstjóri áhættustýringar er Ingi K. Pálsson. Áhættustýringarsvið greinir og metur áhættu og gerir aðgerðaáætlun ef áhætta mælist út fyrir skilgreind mörk. Ingi er skilgreindur sem lykilstarfsmaður.

Sviðsstjóri fjármálasviðs er Pálína Margrét Hafsteinsdóttir. Fjármálasviðið sér um bókhald, fjármál og reikningsskil sjóðsins. Pálína er skilgreind sem lykilstarfsmaður.

Sviðsstjóri eignastýringar er Svandís Rún Ríkarðsdóttir. Sviðið ber ábyrgð á daglegum rekstri eignastýringar, tekur þátt í mótn fjárfestingarstefnu og á samskipti við eignastýringaraðila. Svandís er skilgreind sem lykilstarfsmaður.

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs

Reykjavík, 27. apríl 2020

BRÚ
LÍFEYRISSJÓÐUR

Ársreikningur 2019

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	45
Áritun óháðs endurskoðanda	50
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2019	52
Efnahagsreikningur 31. desember 2019	53
Sjóðstreymi ársins 2019	54
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2019	55
Skýringar	59
Kennitölur	81
Deildaskipt yfirlit	85

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi sjóðsins

Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda.

Sjóðurinn er sameignarsjóður og starfar í þremur deildum, A deild, V deild og B deild. B deild skiptist í sjö réttindasöfn þ.e., Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar (LA), Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar (Esh), Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (Lsh), Lífeyrissjóður Neskaupsstaðar (LN), Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar (LV), Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar (ER) og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK).

Sjóðurinn annast jafnframt rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Sjóðfélagar og iðgjöld

Sjóðfélagar, þ.e. einstaklingar sem eiga réttindi í sjóðnum óháð því hvort þeir hafa greitt iðgjald á árinu eða þegið lífeyri, voru 105.107 í árslok 2019, samanborið við 100.922 í upphafi árs.

Alls greiddu að meðaltali 18.548 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins (2018: 17.692) og skiptust þeir milli sjóðsdeilda sem hér segir:

Fjöldi	A deild	V deild	B deild	Samtals
2019	13.772	4.589	186	18.548
2018	12.892	4.583	217	17.692
Breyting	+6,8%	+0,1%	-14,1%	+4,8%

Iðgjöld án aukaframlaga námu 14.156 m.kr. á árinu 2019 (2018: 12.811 m.kr.). Þau skiptust milli sjóðsdeilda sem hér segir:

í m.kr.	A deild	V deild	B deild	Samtals
2019	10.842	3.175	140	14.156
2018	9.780	2.878	153	12.811
Breyting	+10,9%	+10,3%	-8,5%	+10,5%

Iðgjöld samtals námu 16.422 m.kr. á árinu 2019 (2018: 14.547 m.kr.). Þau skiptust milli sjóðsdeilda sem hér segir:

í m.kr.	A deild	V deild	B deild	Samtals
2019	11.072	3.233	2.117	16.422
2018	9.885	2.926	1.736	14.547
Breyting	+12,0%	+10,5%	+21,9%	+12,9%

Upplýsingar um fjölda sjóðfélaga og iðgjöld fyrir hvert réttindasöfn í B deild má finna í deildaskiptu yfirliti reikningsins.

Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Að meðaltali fengu 7.862 einstaklingar greiddan lífeyri frá samtryggingadeildum sjóðsins á árinu 2019 (2018: 7.136) og skiptust þeir milli sjóðsdeilda sem hér segir:

Fjöldi	A deild	V deild	B deild	Samtals
2019	4.846	1.243	1.773	7.862
2018	4.306	1.144	1.686	7.136
Breyting	+12,5%	+8,7%	+5,2%	+10,2%

Greiddur lífeyrir nam 6.621 m.kr. á árinu 2019 (2018: 5.672 m.kr.). Hann skiptist milli sjóðsdeilda sem hér segir:

í m.kr.	A deild	V deild	B deild	Samtals
2019	3.500	303	2.817	6.621
2018	2.859	248	2.564	5.672
Breyting	+22,4%	+22,3%	+9,9%	+16,7%

Upplýsingar um fjölda lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur fyrir hvert réttindasöfn í B deild má finna í deildaskiptu yfirliti reikningsins.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Fjárfestingatekjur og rekstrarkostnaður

Hreinar fjárfestingatekjur námu 23.440 m.kr. á árinu 2019 (2018: 12.906 m.kr.). Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunar-kostnaður, nam 524 m.kr. (2018: 512 m.kr.), sem jafngildir 0,2% af meðalstöðu eigna (2018: 0,2%).

Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 25,5 (2018: 25,7). Launagreiðslur voru alls 314 m.kr. (2018: 308 m.kr.) og launatengd gjöld 88,6 m.kr. (2018: 77,8 m.kr.). Orlofsskuldbinding var 34,6 m.kr. í árslok 2019 (2018: 25,1 m.kr.).

Heildareignir og hrein eign til greiðslu lífeyris

Heildareignir sjóðsins námu 249.497 m.kr. í árslok 2019 (2018: 216.996 m.kr.) og skiptust milli sjóðsdeilda sem hér segir:

í m.kr.	A deild	V deild	B deild	Samtals
2019	197.418	36.783	15.296	249.497
2018	171.830	30.565	14.602	216.996
Breyting	+14,9%	+20,3%	+4,8%	+15,0%

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 249.103 m.kr. í árslok 2019 (2018: 216.386 m.kr.) og skiptist milli sjóðsdeilda sem hér segir:

í m.kr.	A deild	V deild	B deild	Samtals
2019	197.196	36.742	15.166	249.103
2018	171.484	30.503	14.399	216.386
Breyting	+15,0%	+20,5%	+5,3%	+15,1%

Upplýsingar um heildareignir og hreina eign til greiðslu lífeyris fyrir hvert réttindasafn í B deild má finna í deildaskiptu yfirliti reikningsins.

Ávöxtun

Nafnávöxtun á árinu 2019 var 10,4% (2018: 6,2%) sem samsvarar 7,5% raunávöxtun (2018: 2,9%). Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára var 5,0% og meðalraunávöxtun síðustu 10 ára var 4,3%. Nafnávöxtun skiptist á milli sjóðsdeilda sem hér segir:

Nafnávöxtun	A deild	V deild	B deild	Samtals
2019	10,3%	10,3%	10,4%	10,4%
2018	6,3%	6,3%	4,7%	6,2%

Raunávöxtun skiptist á milli sjóðsdeilda sem hér segir:

Raunávöxtun	A deild	V deild	B deild	Samtals
2019	7,5%	7,5%	7,6%	7,5%
2018	3,0%	3,0%	1,4%	2,9%

Visitala neysluverðs hækkaði úr 460,5 í 472,8 eða um 2,7% á árinu 2019.

Tryggingafræðileg úttekt

Á árinu 2018 samþykkti Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga nýjan reiknigrundvöll fyrir mat eftirlauna- og örorkuskuldbindinga fyrir íslenska lífeyrissjóði. Grundvöllurinn er byggður á athugun sem náði til allra íslenskra lífeyrissjóða og er ýmis nýmæli að finna í útreiknings-aðferðum. Má þar nefna að endurhæfing öryrkja er metin beint og einnig er gert ráð fyrir mismundandi lífslíkum öryrkja og annarra sjóðfélaga. Þá eru lífslíkur metnar eftir reynslu sjóðfélaga lífeyrissjóða en ekki þjóðarinnar allrar. Tekið var mið að dánarreynslu árunna 2010–2014 og örorkureynslu árunna 2011–2016. Grunnurinn var uppfærður árið 2019 með tilliti til breytinga á dánarreynslu þjóðarinnar frá árunum 2010–2014 til árunna 2014–2018. Fjármálaráðuneytið hefur gefið grunnin út í þessari mynd sem staðalforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir.

Lífslíkur eru því nú metnar eftir reynslu þeirra sem réttindi eiga í lífeyrissjóðum en áður hefur verið miðað við lífslíkur allra Íslendinga óháð því hvort þeir eigi réttindi í lífeyrissjóðum eða ekki. Þá eru lífslíkur öryrkja og annarra sjóðfélaga mismunandi og er nú tekið tillit til þess í útreikningum á tryggingafræðilegri stöðu. Þessar nýju forsendur sýna skuldbindingar sjóðsins af meiri nákvæmni en áður.

Útreikningurinn er bæði aðlagður að sjóðfélagahópi hvers lífeyrissjóðs og að reynslu sjóðsins af nýgengi örorku. Fyrir Brú leiddi nýtt mat í ljós hærri örorkutiðni í A og V deild en áður hafði verið sem hækkaði mat á örorkuskuldbindingum sem og eftirlaunaskuldbindingum. Í B deild er nýgengi örorku lægra en í eldri forsendum sem lækkaði mat á örorkuskuldbindingum en mat á eftirlaunaskuldbindingum hækkaði.

Tryggingafræðileg úttekt er gerð sérstaklega fyrir hverja deild sjóðsins og undirliggjandi réttindasöfn. Við úttektina er miðað við að raunávöxtun eigna verði 3,5% á komandi árum. Nánari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu er að finna í sérstöku yfirliti fyrir hverja deild og réttindasafn fyrir sig og í skýringu 38.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Heildarskuldbinding og hlutfall heildareigna umfram heildarskuldbindingu skiptist á milli sjóðsdeilda sem hér segir:

í m.kr.	A deild		V deild		B deild	
2019	-14.071	-4,1%	-1.876	-2,2%	-11.695	-20,1%
2018	-15.144	-4,9%	-860	-1,2%	-12.555	-21,7%

Tryggingafræðileg úttekt á lífeyrisaukasjóði A deildar

Við breytingu á A deild var innheimt framlag í lífeyrisaukasjóð frá launagreiðendum en lífeyrisaukasjóð er ætlað að standa undir jafnri ávinnslu réttinda. Sjóðurinn er hluti af hreinni eign A deildar og ávaxtast með sama hætti og aðrar eignir deildarinnar.

Til grundvallar færslum úr lífeyrisaukasjóði er árlega reiknuð breyting á skuldbindingu miðað við jöfn réttindi annars vegar og breytingu á skuldbindingu miðað við aldursháð réttindi hins vegar. Mismunurinn þar á milli er framlag ársins. Á árinu 2018 hækkuðu þær færslur verulega vegna breytinga á töflum um lífslíkur og örorku.

Breytingar á reiknigrundvelli fyrir tryggingafræðilega úttekt hafa einnig neikvæði áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrisaukasjóðsins. Í upphafi þegar lífeyrisaukasjóðurinn var reiknaður var hvorki gert ráð fyrir breytingum á töflum um lífslíkur eða örorku né launahækkunum í framtíðinni. Stjórnendur og tryggingastærðfræðingur sjóðsins bentu á þessa vankanta í reikniverki lífeyrisaukasjóðsins í aðdraganda lagabreytinganna. Nánari upplýsingar eru í skýringu 40.

Stjórnarhættir

Stjórn og stjórnendur lífeyrissjóðsins hafa sett sér það markmið að hafa góða stjórnarhætti að leiðarljósi. Sjóðurinn hefur sett sér starfsreglur í samræmi við 51. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Við mótun stjórnarháttanna hefur stjórn sjóðsins stuðst við leiðbeiningar sem fram koma í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar hafa verið út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Sjóðurinn fylgir leiðbeiningunum í meginatriðum en vikur þó að hluta frá þeim, einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um lífeyrissjóði, til að mynda vegna atriða sem varða hluthafafundi og hluthafa.

Stjórn ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins og sér til þess að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og samþykktar sjóðsins. Stjórn skipar þriggja manna endurskoðunarnefnd sem heyrir beint undir stjórn en hlutverk hennar er að aðstoða stjórn sjóðsins að uppfylla eftirlitsskyldur sínar í tengslum við endurskoðun reikningsskila, innra eftirlits, áhættustýringu. Frekari upplýsingar um stjórn, einstaka stjórnarmenn og stjórnarhætti er að finna í sérstakri yfirlýsingu stjórnar sem er birt á heimasíðu sjóðsins.

Áhættustýring

Stjórn sjóðsins hefur skipað áhættunefnd sem er undirnefnd stjórnar. Hlutverk hennar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn við mótun áhættu- og áhættustýringastefnu, leggja mat á fyrirkomulagi áhættustýringar og virkni hennar, yfirfara áhættuskýrslur og eigið áhættumat.

Áhættustefna og áhættuvilji sjóðsins var yfirfarin á árinu 2019 og var uppfærð stefna samþykkt af stjórn þann 11. mars 2019. Tilgangur með áhættustefnu er að tryggja að sjóðurinn hafi yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættum í starfsemi sjóðsins. Stefnan byggir á skilgreiningu á áhættustýringu sem felst í leiðum til að greina, fylgjast með og takmarka áhættu í rekstri sjóðsins.

Áhætta í starfseminni er skilgreind til samræmis við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Nær áhættan bæði til atvika sem lúta að eignum og skuldbindingum sjóðsins sem og rekstrarlegum þáttum. Nánar er fjallað um áhættustýringu sjóðsins í skýringum 44-49.

Ábyrgar fjárfestingar

Fjárfestingarstarfsemi og ávöxtun eigna er hluti af starfsemi sjóðsins en heildareignir sjóðsins voru um 249 ma.kr. í árslok. Fjárfestingar sjóðsins taka mið af samþykktari fjárfestinga- og hluthafastefnu og stefnu um siðferðisleg viðmið.

Iceland SIF

Brú er meðal stofnaðila að Iceland SIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Tilgangur samtakanna er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðarfræði sjálfbærra og ábygrra fjárfestinga og stuðla að aukinni umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Sjóðurinn er þátttakandi í starfi samtakanna en starf samtakanna hefur jákvæð áhrif á fjármagnsmarkaðinn í heild.

Hluthafastefna

Brú er langtímafjárfestir og hluthafastefna sjóðsins endurspeglar áherslur um góða og ábyrga stjórnarhætti. Sjóðurinn hefur sett sér viðmið um nýtingu atkvæðisréttar og birtir á heimasíðu sinni upplýsingar um ráðstöfun atkvæða í félögum sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Á heimasíðu sjóðsins má finna upplýsingar um framkvæmd hluthafastefnunnar.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stefna um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum

Markmið stefnunnar er að setja fram siðferðisleg viðmið fyrir fjárfestingar sjóðsins. Sjóðurinn leggur áherslu á að fjárfestingar hans uppfylli kröfur um samfélagslega ábyrgð, góða stjórnarhætti og sjálfbærni. Sjóðurinn vill sýna ábyrgð gagnvart umhverfinu og samfélaginu sem getur stutt við gagnkvæman ávinning fjárfesta og samfélagsins.

Sjóðurinn ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með heildarhagsmuni þeirra að leiðarljósi og leggur áherslu á faglega nálgun við fjárfestinga-ákvæðanir sínar. Sjóðurinn lítur til viðmiða Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI, Principal on Responsible Investment).

Við stýringu eigna er horft til langtímasjónarmiða og fjárfestingar eru valdar út frá arðsemi og væntingum um ávöxtun. Mat á stjórnarháttum, umhverfismálum og samfélagslegum áhrifum er mikilvægur hluti af greiningarvinnu sjóðsins á fjárfestingarkostum sem og eftirfylgni með fjárfestingum hans.

Umhverfis- og félagsmál

Rekstur skrifstofu

Í daglegum rekstri sjóðsins er lögð áhersla á umhverfismál. Til að auðvelda endurvinnslu er sorp flokkað og verulega hefur dregið úr notkun pappírs á undanförmum árum með rafrænum umsóknum og skjölun gagna. Á árinu var sett upp rafhleðslustöð á lóð sjóðsins.

Hér má sjá notkun sjóðsins á rafmagni, vatni, gagnaeyðingu og pappírskauþ sl. 4 ár en á sama tíma hefur meðalfjöldi stöðugilda hækkað úr 16,0 á árinu 2016 í 25,5 á árinu 2019.

Tegund	Eining	2019	2018	2017	2016
Rafmagn skrifstofa	kWh	18.698	17.877	26.057	26.604
Rafmagn húsfélag	kWh	20.929	20.841	20.514	21.266
Heitt vatn	m ³	2.493	3.450	2.728	1.044
Kalt vatn	m ³	1.223	1.414	1.337	2.083
Gagnaeyðing	kiló	615	770	660	660
Pappírskauþ	kassar	10	34	30	45

Mannauðsmál

Brú leggur ríka áherslu á góðan starfsanda, hvetjandi vinnuumhverfi og fyrirmyndar starfsaðstöðu. Stjórn sjóðsins samþykkti mannauðs-stefnu á árinu og uppfærði starfskjarastefnu sína.

Mannauðsstefna

Markmið með stefnunni er að sjóðurinn verði eftirsóknarverður vinnustaður og hafi á að skipa hæfa, áhugasama og metnaðarfulla starfsmenn sem sýna frumkvæði og vilja til að taka virkan þátt í að skapa jákvætt og drífandi starfsumhverfi. Starfsmenn sjóðsins hafa eftirfarandi gildi til hliðsjónar í störfum sínum:

Hlýleg – vera hlýlegir og vingjarnlegir við sjóðfélaga og samstarfsmenn

Upplýsandi – velta áreiðanlegar og tímanlegar upplýsingar

Skynsöm – taka rökréttar ákvæðanir sem stjórnast af skynsemi

Í stefnunni er lögð áhersla á að laus störf hjá sjóðnum standi öllum opin og vel sé tekið á móti nýjum starfsmönnum, árleg starfsmanna-viðtöl, starfsþróun og símenntun, jafnvægi milli vinnu og einkalífs og jafnrétti. Áhersla á heilsuefningu er skýr en sjóðurinn styrkir starfs-fólk til heilsuræktar, tekur þátt í vinnustaðakeppni Lífshlaupsins og auk þess er árlega boðið upp á heilsufarsmælingu og flensuspauptu.

Starfskjarastefna

Markmið með stefnunni er að styðja við góða stjórnarhætti í rekstri sjóðsins og tryggja bannig langtímahagsmuni sjóðfélaga, starfs-manna og annarra hagsmunaaðila. Með stefnunni eru reglur um starfskjör stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og starfsmanna sjóðsins formfest. Sjóðurinn leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi einstaklinga og að starfskjör séu samkeppnis-hæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör er horft til ábyrgðar, menntunar, umsvifa og árangurs en jafnframt gætt að viðurkenndum jafnlauna- og jafnréttissjónarmiðum. Einnig er tekið tillit til fyrirbyggjandi upplýsinga um starfskjör hjá öðrum lífeyris-sjóðum og eftirlitsskyldum aðilum.

Jafnlaunavottun

Vinnu við þróun jafnlaunakerfis sem liggur til grundvallar jafnlaunavottun er lokið, einungis er beðið eftir að vottunaraðili ljúki sinni vinnu. Innleiðing jafnlaunakerfis er liður í að tryggja gæði í starfsemi sjóðsins, efla starfsánægju og hollustu starfsfólks, uppfylla samfélagslega ábyrgð og stuðla áfram að góðum stjórnarháttum.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Mannréttinda-, spillingar- og mútumál

Samskipta- og siðareglur

Markmið reglnanna er að stuðla að góðum starfsháttum hjá sjóðnum og góðum innri og ytri samskiptum. Í stöfum sínum eiga stjórnarmenn og starfsmenn að vera upplýsandi, skynsamir og hlýlegir. Í reglunum er að finna aðgerðir til að koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra vegna starfa stjórnar- og starfsmanna við sjóðinn og annarra athafna eða tengsla við utanaðkomandi aðila, ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga og aðgerðir til að sporna við spillingar- og mútumálum. Stjórnar- og starfsmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir og gjafir eru ekki þegnar, né greiðsla annarra á kostnaði vegna stjórnar- og starfsmanna, ef það gefur tilefni til að draga trúverðugleika sjóðsins í efa eða gefur ástæðu til að ætla að það hafi áhrif á ákvarðanir.

Peningabætti

Sjóðurinn hefur sett sér reglur á grundvelli laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Með reglunum leitast sjóðurinn við að koma í veg fyrir að rekstur og starfsemi sjóðsins verði notaður til að þvætta fjármuni eða til fjármögnunar hryðjuverka. Árlega skilar ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti skýrslu til stjórnar sjóðsins.

Þróun sjóðsins og framtíðarhorfur

Hlutverk sjóðsins verður sem fyrr að greiða lífeyri og ávaxta eignir innan ramma laga og fjárfestingarstefnu í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum. Óbein ábyrgð launagreiðenda er ekki lengur til staðar nema fyrir þá sjóðfélaga sem byrjaðir voru á lífeyri fyrir 1. júní 2017 og þeirra sem voru 60 ára eða eldri á sama tíma en réttindi þeirra eru ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum. Miðað við þróun fjármagnsmarkaða á undan förnum misserum verður það mikil áskorun fyrir sjóðinn að ná 3,5% raunávöxtun á eignir sínar til lengri tíma.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Í ársbyrjun 2020 kom upp skæð veirusýking COVID-19 í Kína sem hefur dreifst um heimsbyggðina og haft mikil áhrif á heilsufar fólks. Til að hefta útbreiðslu veirunnar hafa þjóðir heims gripið til róttækra aðgerða eins og lokun landamæra, útgöngubann og ýmsar aðrar takmarkanir sem hefur haft afar neikvæð efnahagsleg áhrif. Veiran barst til Íslands í lok febrúar og í byrjun mars lýsti ríkislögreglustjóri yfir neyðarstigi almannavarna í samráði við sóttvarnalækni. Ljóst er orðið að efnahagsáhrif COVID-19 veirunnar hér á landi verða mikil. Viða eru áhrifin þegar sýnileg, m.a. í ferðabjónustu, verslun og iðnaði. Eftirspurn hefur dregist hratt saman, ferðamenn nær alveg horfið og neysla heimilanna snarminnkæð. Barátta stjórnvalda hefur snúist um að hefta útbreiðslu veirunnar, bjarga mannlífum á sama tíma og þau reyna að halda efnahagslífinu á floti. Veirufaraldurinn er tímabundinn og áhrif hans munu ganga yfir. Hversu langvarandi og djúpstæð áhrifin verða er m.a. hæð því hversu vel tekst til með mótvægisáðgerðir.

COVID-19 hefur einnig áhrif á rekstur og bjónustu lífeyrissjóðsins. Sjóðurinn hefur virkjað aðgerðaráætlun með það að markmiði að tryggja áframhaldandi rekstur sjóðsins.

Áhrif óvissu í ytra starfsumhverfi

Mikil óvissa ríkir um heilsufar fólks og hagkerfi heimsins. Aðstæður eru krefjandi og stjórnvöld, atvinnulífið og einstaklingar eru að gera sitt besta til að bregðast við með öllum mögulegum ráðum. Skilaboðin breytast dag frá degi og hafa yfirvöld um allan heim gripið til björgunaraðgerða fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Lækkunir á verðbréfamörkuðum, lækun vaxta og óvissa um efnahagsleg áhrif COVID-19 hefur áhrif á eignasafn sjóðsins en þar sem sjóðurinn er langtímafjárfestir munu sveiflur sem þessar jafnast út á lengri tíma. Þá geta breytingar í landslagi stjórnmála haft mikil áhrif bæði á fjármagnsmarkaði og löggjöf sem varðar sjóðinn sem erfitt er að sjá fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík, 27. apríl 2020



Benedikt Þór Valsson, formaður stjórnar



Garðar Hilmarsson, varaformaður stjórnar



Halldóra Káradóttir, stjórnarmaður




Sonja Ýr Þorbergsdóttir, stjórnarmaður



Auður Kjartansdóttir, stjórnarmaður



Þorkell Heiðarsson, stjórnarmaður



Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Áritun um endurskoðun ársreiknings.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (hér eftir nefnt sjóðurinn) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2019 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samanburðarfjárhæðir

Ársreikningur sjóðsins 31. desember 2018 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Áritunin er dagsett 30. apríl 2019 og er án fyrirvara.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

